



Hugmyndir barna og reynsla kennara af Vináttuverkefni Barnaheilla

Elsa Margrét Árnadóttir

Júní 2019

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Hugmyndir barna og reynsla kennara af Vináttuverkefni Barnaheilla

Elsa Margrét Árnadóttir

Lokaverkefni til M.Ed-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Sara Margrét Ólafsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2019

Hugmyndir barna og reynsla kennara af Vináttuverkefni Barnaheilla

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs
í leikskólakennarafræði við deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

© 2019, Elsa Margrét Árnadóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga meistaraþrófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Verkefnið er eigindleg rannsókn þar sem skoðað var viðhorf barna til Vináttuverkefnis Barnaheilla. Gagnaöflun átti sér stað með athugunum á vináttustundum og viðtölum við börn og kennara sem tóku þátt í rannsókninni.

Leiðbeinandi minn var Sara Margrét Ólafsdóttir og sérfræðingur var Kristín Karlsdóttir. Þakka ég þeim kærlega fyrir aðstoðina og hjálplegar ábendingar sem varð til þess að verkefnið heppnaðist vel.

Ég vil einnig þakka leikskólastjóranum mínum, Sigrúnu Huldu Jónsdóttur, fyrir mikla þolinmæði og skilning. Samstarfsfólk mitt á einnig miklar þakkir skilið fyrir skilning og traust á mér og mínu verkefni. Viðmælendur mínir, bæði börn og kennarar, fá mikið þakklæti fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í þessu verkefni með mér og gefa mér um leið góða innsýn í þeirra hugmyndir og reynslu af vináttuverkefninu.

Ef ekki hefði verið fyrir mikla aðstoð foreldra minna, þeirra Ernu Guðjónsdóttur og Árna Karls Harðarsonar, þá hefði mér aldrei tekist að klára þetta. Þau hafa aðstoðað mig mikið með son minn, Rúrik Árna, sem einnig fær þakkir fyrir að sýna mér ómælda þolinmæði í gegnum allt námið. Maðurinn minn, Sturla Stefánsson, fær einnig góðar þakkir fyrir að sýna mér ómælda þolinmæði og stuðning við gerð verkefnisins. Pálínu Dagnýu Guðnadóttur vil ég þakka sérstaklega fyrir aðstoð á þýðingu á enska útdrættinum. Amma Elsa fær þakkir fyrir að lesa yfir fyrir mig. Síðast en ekki síst fær frænka mín Þórdís Edda Guðjónsdóttir þakkir fyrir mikla aðstoð við yfirlestur og að leiðbeina mér í gegnum allt verkefnið.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem hafa lagt mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 22. Júní 2019

Elsa Margrét Arnadóttir

Ágrip

Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á þátttöku barna í samfélaginu og að þau séu virkir þátttakendur í eigin lífi. Kenningar og þekking á námi og þroska barna hafa sýnt að börn eru sérfræðingar í eigin lífi. Rannsóknum þar sem börn eru virkir þátttakendur hefur því fjölgað og áhugi fyrir því að hlusta á raddir þeirra hefur aukist. Þessar áherslur má einnig sjá í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá árinu 1989. Þar segir að börn eigi að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og að líta eigi á þau sem hæfileikaríka einstaklinga sem eigi rétt á þátttöku. Markmiðið með þessari rannsókn var annars vegar að fá fram hugmyndir barna og hins vegar reynslu kennara af Vináttuverkefni Barnaheilla (e. Free of bullying project), sem er forvarnarverkefni gegn einelti.

Þátttakendur í rannsókninni voru 21 barn í elsta árgangi á þremur deildum í einum leikskóla og þrjú kennarar. Rannsóknin var eigindleg og var hún unnin í leikskóla barnanna. Í rannsókninni var lögð áhersla á að veita börnunum tækifæri til að tjá sína skoðun á þátttöku sinni og hvað þau teldu sig læra af vináttuverkefninu. Tilgangur rannsóknarinnar er að vinna með þær upplýsingar sem koma frá börnunum til þess að kennararnir geti bætt það sem betur má fara. Niðurstöður rannsóknar sýndu að börnin læra mikilvægi þeirra gilda sem verkefnið snýst um. Þau læra að bera virðingu fyrir öðrum, sýna hvert öðru umburðarlyndi og umhyggju og öðlast hugrekki til þess að aðstoða aðra ef á þarf að halda. Kennararnir þrjú eru á sama máli, þeim finnst þetta verkefni einstaklega áhugavert og gaman að fylgjast með því hve börnin eru fljót að tileinka sér gildi verkefnisins.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við vináttuverkefnið og þær hafa aðallega snúið að kennurum og kennsluaðferðum þeirra. Þessi rannsókn er því mikilvæg að því leyti að hún sýnir sjónarhorn barnanna og kennaranna og veitir því góða innsýn í þátttöku þeirra í verkefninu.

Abstract

Children's views and teacher's experience on the free of bullying project, Save the children - Iceland

In recent years, there has been an increased emphasis on children's participation in society as active participants in their own lives. Theories and knowledge on children's education have shown that children are experts in their own lives. Research projects where children are active participants have therefore become more common and there is an increased interest in listening to what they have to say. These details are also evident in the United Nations' Convention on the Rights of the Child from 1989, in which children are seen to be active participants in society and as competent individuals with rights to be involved in matters concerning their lives. The aim of this research is to explore the children's perspective and teachers experience on the Free of bullying project.

The participants of this research are 21 children from the oldest year of three different pre-school classes and three teachers. The method used was qualitative and the research was carried out at their pre-school. The focus was to give the children an opportunity to express their opinion, how they experience their participation and what they consider themselves to have learned from it. The purpose of this research is to use the information provided by the children in order for the teacher to be able to improve or put right what goes amiss. The results show that children learn the importance of the values emphasized in the project. They learn to respect others, show each other tolerance and care, and find the courage within themselves to help others if needed. The three teachers agree, finding the project uniquely interesting and observing how quickly the children adopt the values of the project.

In Iceland few research have been conducted regarding the free of bullying project and those have mainly been focusing on the teacher and their methods. This research has considerable weight, showing the children's perspective as well as the teachers, therefore providing good insight into the children's participation in the project.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Myndaskrá	9
Töfluskrá	10
1 Inngangur	11
1.1. Markmið	12
1.2. Uppbygging ritgerðar	13
2 Fræðilegur bakgrunnur	14
2.1. Rannsóknir með börnum	14
2.2. Kenningar, nám og leikur.....	16
2.2.1. Barnmiðaður leikur þar sem markmið og áhugi barnanna eru ráðandi.....	18
2.2.2. Leikur undir leiðsögn fullorðinna þar sem áhugi barnanna er ráðandi	19
2.2.3. Kennslufræðilegur leikur á forsendum kennara	20
2.3. Einelti og útilokun	21
2.4. Vináttuverkefni Barnaheilla	22
2.5. Bangsinn Blær	24
2.6. Fyrri rannsóknir.....	26
3 Rannsóknin	28
3.1. Aðferðafræði.....	28
3.2. Þátttakendur og vettvangur	30
3.3. Gagnaöflun	31
3.3.1. Athuganir	32
3.3.2. Viðtöl.....	32
3.4. Gagnagreining.....	33
3.5. Siðferðileg álitamál	34
3.6. Trúverðugleiki.....	36
3.7. Samantekt.....	36
4 Niðurstöður	37

4.1. Athuganir í þremur hópum.....	37
4.2. Viðhorf og hugmyndir barnanna	39
4.3. Hugmyndir og skilningur barna á grundvallarhugtökum vináttuverkefnisins.....	40
4.4.1.Skilningur barna á umburðarlyndi	40
4.4.2.Skilningur barna á virðingu	41
4.4.3.Skilningur barnanna á umhyggju	42
4.4.4.Skilningur barnanna á hugrekki	43
4.4.5.Vinátta: að vera saman, leika og hugga.....	44
4.5. Reynsla kennara af notkun efnisins í vináttuverkefninu	47
4.5.1.Gildi vináttuverkefnisins að mati kennaranna.....	49
4.5.2.Gagnvirk áhrif á fjölskyldu og leikskóla.....	51
4.6. Samantekt.....	53
5 Umræður	54
5.1. Þátttaka barna í vináttuverkefninu	54
5.2. Hugmyndir barnanna.....	56
5.3. Hugmyndir kennaranna.....	58
5.4. Samantekt.....	60
6 Lokaorð.....	62
Heimildaskrá	64
Viðauki A: Varðar: Leyfi til rannsóknar á viðhorfi barna til Vináttuverkefnis Barnaheilla ...	68
Viðauki Á: Spurningar fyrir viðtöl	71

Myndaskrá

Mynd 1 - Efniviður vináttuverkefnisins	23
Mynd 2 - Bangsinn Blær	25

Töfluskrá

Tafla 1 - Nöfn deilda, fjöldi barna og kennara	31
--	----

1 Inngangur

Ritgerð þessi fjallar um rannsókn sem ég gerði með börnum í leikskólanum Himnakoti sem eru þátttakendur í Vináttuverkefni Barnaheilla. Þetta vináttuverkefni er forvörn gegn einelti og var það þróað í Danmörku en hefur verið notað í leikskólum á Íslandi frá árinu 2014. Síðan þá hefur þáttökuleikskólum fjölgað og nú eru það um 45% íslenskra leikskóla sem taka þátt í vináttuverkefninu (Barnaheill, e.d. a). Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi finnst kennurum verkefnið ganga mjög vel og að þeirra mati virðist það hafa jákvæð áhrif á samskipti barnanna og þau sýna hvert öðru skilning og samhygð (Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir, 2016). Þessi rannsókn fjallar um viðhorf barna til þátttöku sinnar í vináttuverkefninu og hvað þau telja sig hafa lært af því. Einnig langaði rannsakanda að fá nánari innsýn í viðhorf nokkurra leikskólakennara sem vinna með verkefnið og athuga hvernig þeim fyndist ganga að nota verkefnið og hvað þeir teldu að börnin lærðu helst með því að taka þátt í þessu vináttuverkefni.

Ég hef sjálf unnið með verkefnið með þriggja ára gömlum börnum og mér finnst það gríðarlega mikilvægt og skemmtilegt. Ég fékk mikinn áhuga á þessu verkefni þegar það var kynnt í leikskólanum og fór á námskeið hjá Barnaheillum til að læra hvernig á að nota efniviðinn sem því fylgir. Áhuginn kviknaði vegna þess að með verkefninu er boðið upp á verkfæri sem geta hjálpað leikskólakennurum og öðru starfsfólki sem vinnur með börnum að vinna gegn einelti. Jákvæð samskipti verða á milli barnanna sem einkennast af umburðarlyndi og virðingu gagnvart hvert öðru, einnig sýna þau hvert öðru meiri umhyggju og þau öðlast hugrekki til þess að standa með sjálfum sér og félögum sínum (Rambøll, 2017). Í Danmörku hafa verið tekin viðtöl við börn í þeim leikskólum þar sem unnið hefur verið með verkefnið (Rambøll, 2017), en engar rannsóknir er að finna á Íslandi sem sýna viðhorf barna gagnvart þátttökunni. Nokkrar rannsóknir hafa þó verið gerðar en þær snúa að viðhorfum kennara og hvernig þeir telji að gangi að vinna með efniviðinn. Þess vegna finnst mér mikilvægt að innsýn í upplifun og skilning barnanna sem taka þátt í verkefninu komi fram.

1.1. Markmið

Markmiðið með þessari rannsókn er að fá fram sýn barnanna og reynslu kennaranna af vináttuverkefninu. Þegar unnið er með efnið sem fylgir verkefninu þá er þátttaka barnanna meginatriði. Þau eiga að fá tækifæri til að segja sína skoðun, hvernig þeim finnst að taka þátt í því og hvað þau telji sig læra af þátttökunni. Tilgangur rannsóknarinnar er að vinna með þær upplýsingar sem koma frá börnunum til þess að kennarinn geti þá lagað ef eitthvað gengur ekki nógu vel. Markmiðið með vináttuverkefninu er að búa til öruggt, jákvætt og heilbrigt umhverfi fyrir börn og reyna að draga úr fjölda bæði þeirra sem verða fyrir einelti og þeirra sem leggja aðra í einelti. Einnig er verið að kenna börnum að eiga góð samskipti sín á milli, vera góðir vinir, bera virðingu fyrir hvert öðru og hvetja þau til þess að bregðast við þegar þau verða vitni að einelti (Barnaheill, e.d. b; Free of bullying, e.d. a). Því er mikilvægt að skapa góðan skólalag og búa vel að umhverfi þeirra og skipulagi.

Mér finnst mjög mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir einelti og styðja frekar við vináttu á milli allra barna. Það þarf að kenna þeim að bera virðingu fyrir náunganum og að allir eigi rétt á að vera eins og þeir óska sér án þess að lenda í stríðni og einelti og án þess að vera dæmd af vinum sínum eða skólafélögum. Vináttuverkefnið ýtir undir vináttu á milli barna og að þau temji sér að bera virðingu fyrir hvert öðru. Þegar þau taka þátt í þessu verkefni má ætla að þau velti fyrir sér mikilvægi góðrar vináttu. Í þessari rannsókn ákvað ég að athuga hvað börnin teldu sig læra af þátttöku sinni í verkefninu, hvort þátttakan myndi auka skilning þeirra á aðstæðum og styddi þau í að bera virðingu fyrir öðrum, sýna umburðarlyndi, umhyggju og hugrekki ef eitthvað bjátar á.

1.2. Uppbygging ritgerðar

Hér að framan er inngangur ritgerðarinnar þar sem fram koma markmið og tilgangur rannsóknarinnar og einnig hvernig áhugi rannsakanda á þessu verkefni kviknaði. Síðan er kafli um fræðilegan bakgrunn þar sem fjallað er um kenningagrunn og fyrri rannsóknir tengdar rannsóknarefninu. Í aðferðafræðikaflanum er aðferðum rannsóknarinnar lýst og færð eru rök fyrir vali á þessum tilteknu aðferðum. Þá er sagt frá því hvernig gagna var aflað í rannsókn og greiningu þeirra. Einnig er siðferðilegum álitamálum gerð skil. Að lokum er rannsókninni lýst og niðurstöður hennar settar fram í fræðilegu samhengi. Síðast eru lokaorðin þar sem tekin eru saman helstu atriði rannsóknarinnar og þau rædd.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla er sagt frá mikilvægi rannsókna með börnum og hvaða hlutverki rannsakandi gegnir í slíkum rannsóknum. Síðan er fjallað um kenningar um nám og leik barna og greint er frá nokkrum flokkum leiks. Sagt er frá niðurstöðum rannsókna sem fjalla um einelti og útilokun og því hvernig börn geta lagt hvert annað í einelti á þann hátt að fullorðnum er það ekki alltaf ljóst. Börnin sjálf eru ekki meðvituð um áhrif gerða sinna á líðan annarra. Síðan er fjallað um Vináttuverkefni Barnaheilla og mikilvægi þess, greint er frá efniviðnum sem fylgir því verkefni og hvaða hlutverki hann gegnir. Síðast er greint frá þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar um vináttuverkefnið, bæði á Íslandi og í Danmörku.

2.1. Rannsóknir með börnum

Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á þátttöku barna í samfélaginu og hæfni þeirra til að taka þar þátt og vera virk í eigin lífi. Fræðilegar áherslur liggja að baki því að rannsakendur hafa nú meiri áhuga á að hlusta á raddir barna þar sem nýjar kenningar og þekking um nám þeirra og þroska sýna fram á að þau séu sérfræðingar í eigin lífi (Jóhanna Einarsdóttir, 2013). Þetta kemur einnig fram í samningi Sameinuðu þjóðanna (1989) um réttindi barnsins. Samkvæmt honum eru börn virkir þátttakendur í eigin samfélagi þar sem litið er á þau sem hæfileikaríka einstaklinga sem eiga rétt á þátttöku í samfélaginu. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að allir skólar eigi að kenna börnum um lýðræði. Í lýðræðismenntun barna þá eru gildismat, viðhorf og siðferði ríkjandi þættir. Kennarar þurfa að bera virðingu fyrir heilbrigði barna og mannréttindum þeirra. Þegar rannsakendur vinna að rannsóknum með börnum þá eiga þeir að taka mið af styrkleikum og hæfileikum þeirra auk rannsóknarefnis (Einarsdóttir, 2007). Einnig þarf ávallt að huga að réttindum barna, að hlusta vel á þeirra raddir og hvað þau hafi að segja um rannsóknina. Lansdown (2005) telur að huga þurfi að fjórum atriðum til að þátttaka barna verði þýðingarmikil og skilvirk en þau eru:

1. Börn eiga að vera virk í ákvarðanatöku um þá þætti sem varða þau sjálf og það sem hefur áhrif á þeirra líf.
2. Börn og fullorðnir geti átt í samskiptum þar sem gagnkvæm virðing ríkir.
3. Það þarf að líta á börn sem hæfa einstaklinga sem geta mótað bæði ferli og niðurstöður.
4. Viðurkenning á að börn eru að þróa sína eigin getu, reynslu og áhuga út frá þátttöku sinni.

Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2016) segja að virk þátttaka barna í daglegu starfi leikskólans stuðli að vellíðan þeirra. Þeim líður vel þegar þau vita að þau hafa áhrif á leikskólastarfið og að tekið sé mark á þeirra hugmyndum og að hlustað sé á raddir þeirra. Jóhanna Einarsdóttir (2012) nefnir að á síðastliðnum tveimur áratugum hafi rannsóknir með börnum breyst og áhugi rannsakenda hefur aukist mikið að hlusta á raddir barna með það að markmiði að skilja nám þeirra, reynslu og líf innan skóla sem utan. Broström (2012) segir að hægt sé að flokka þær breytingar sem orðið hafa á rannsóknum með börnum í þrjú flokka. Í fyrsta lagi er litið á börn sem hæfa einstaklinga. Í öðru lagi þá verða kennarar að hlusta á börnin og taka mið af sjónarhorni þeirra og skoðunum. Í þriðja lagi þá þurfa rannsakendur að líta á börn sem virka þátttakendur sem eiga að hafa áhrif á sitt eigið líf (Broström, 2012).

Börn geta tekið þátt í rannsóknum með margvíslegum hætti en gagnlegt getur verið að skoða þátttöku þeirra í ljósi þátttökustiga Lansdown (2005). Þátttökuferli barna í leikskólastarfi er skipt í þrjú stig. Þau eru eftirfarandi:

- Börnin eru ráðgefandi (e. consultative processes). Fullorðnir eiga frumkvæði og stjórna þátttöku barnanna. Börnin eru beðin um að segja sína skoðun en þegar endanleg ákvörðun er tekin eru viðhorf barnanna ekki endilega ráðandi.
- Börnin eru þátttakendur í ákvörðunum þeirra fullorðnu (e. participatory processes). Þeir fullorðnu hafa frumkvæðið en börnin eru höfð með í ráðum, eru virkir þátttakendur í þróun ferlis og geta fengið að hafa áhrif á niðurstöður. Þó hafa fullorðnir síðasta orðið þegar endanleg ákvörðun er tekin.
- Börnin eiga frumkvæði að þátttöku (e. self-initiated processes). Fullorðnir styðja við hugmyndir barnanna og þau hafa fullt vald til að velja sjálf málefni. Endanleg ákvörðun er tekin af fullorðnum og börnum í sameiningu.

Þegar börn fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og upplifa það að á þau sé hlustað og tekið mark á þeim þá hefur það mikil áhrif á þau sjálf, foreldra þeirra og starfsfólk leikskólans. Sjálfsmýnd barnsins styrkist og hæfni þess í mannlegum samskiptum eykst þegar barnið venst því að láta skoðanir sínar í ljós og það finnur að á það sé hlustað (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012). Dockett (2008) segir einnig að þegar hlustað er á börn þá sé lagður grundvöllur að samskiptum sem einkennist af virðingu. Kennarar verða að beita virkri hlustun til þess að barnið finni að tekið sé mark á því og skoðanir þess virtar.

2.2. Kenningar, nám og leikur

Kenningar um nám hafa tekið miklum breytingum á síðustu áratugum og í kjölfar nútímahugmynda um nám (e. modern) þróuðust kenningar sem byggja á annarri sýn á nám og börn þ.e. síðtímahugmyndir (e. postmodern). Á 19. öld voru „nútímahugmyndir“ um nám ríkjandi í viðhorfum til barna þar sem litið var svo á að barnið lærði af hinum fullorðnu og þeir fullorðnu vissu hvað væri rétt eða rangt. Á seinni hluta 19. aldar fór að bera á nýjum kenningum um nám barna og gagnrýni jókst á fyrri nútímahugmyndir um nám. Þá var byrjað að líta á börn sem hæfileikaríka, sterka og sjálfstæða einstaklinga sem hefðu sínar þarfir og vilja. Börn voru álitin virkir þátttakendur í samfélaginu og þeim fullorðnu bar að hlusta á þau. Út frá sjónarhorni síðtímahugmynda er engin algild þekking, raunveruleiki, staðreynd eða skilningur sem veitir grunn fyrir sannleika eða visku. Heldur er litið á síðtímahugmyndir sem félagslega smíð þar sem fólk tekur virkan þátt í ferli sem einkennist af samskiptum og tengslum við aðra. Sú þekking sem við öðlumst á sér stað í félagslegum aðstæðum og í tengslum við aðra og við notum þekkingu okkar og reynslu til að skilja aðstæður (Dahlberg, Moss og Pence, 1999).

Mikilvægt er að efla tilfinningalega þætti og félagsþroska barnsins. Einnig þarf að leggja áherslu á að byggja upp sjálfsmynd barnsins og taka tillit til áhugamála þess.

Með því verður barnið virkt í sínu lífi, getur tekið sínar eigin ákvarðanir, haft áhrif á umhverfi sitt og tekið ábyrgð á eigin námi. Dahlberg, Moss og Pence (1999) segja að skólaumhverfi barna mótist af ólíkum hugmyndum um þau og viðhorfi til þeirra. Í kjölfarið hefur það áhrif og mótar þá starfsemi og menningu sem er við lýði í skólasamfélaginu. Þau greina í flokka hugmyndir um ólíka sýn á börnin. Þeir flokkar eru eftirfarandi:

- Barnið byrjar lífið sem óskrifað blað sem síðan endurspeglar þá þekkingu og menningu sem það lifir í.
- Litið er á æskuna sem saklaust tímabil þar sem barnið öðlast þekkingu og færni.
- Litið er á barnið sem hluta af náttúrunni þar sem þroski fylgir ákveðnum lögmálum. Barnið þroskast óháð umhverfinu eftir líffræðilegum stigum.
- Móðirin er talin besti umsjáraðilinn en hún fer einnig í vinnu utan heimilis og þá þarf samfélagið að útvega dagvistun fyrir barnið. En barnið leggur sitt af mörkum til atvinnulífsins.
- Börn eru hluti af fjölskyldu, hafa sín eigin áhugamál og eru þátttakendur í sínu samfélagi.

Fyrstu fjórar hugmyndirnar eru gagnrýndar af Dahlberg, Moss og Pence (1999). Þau nefna að viðhorfin sem koma í ljós sýni fram á að börn séu óvirkir einstaklingar, háð öðrum og geti

ekki tekið virkan þátt í samfélaginu. Að þeirra mati lýsir síðasti liðurinn því að litið sé á börn sem fullgilda og sterka einstaklinga sem geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Samkvæmt þessum hugmyndum er lagt til að börn hafi áhrif á daglegt líf leikskólans og nám og sá leikur sem þar fer fram sé sniðið að áhuga þeirra og hugmyndum. Í leikskólasamfélaginu er litið á leikinn sem megin námsleið barnsins og kemur það fram í Aðalnámskrá leikskóla (2011) en þar segir:

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur og þau læra af hæfari börnum eða fullorðnum. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Börn upplifa leik á mismunandi hátt og tengja hann við eigin reynslu þar sem þau herma til að mynda eftir foreldrum sínum eða öðrum sem hafa áhrif á líf þeirra. Á þessari öld voru gerðar athuganir og tilraunarannsóknir á leik barna og í kjölfarið var farið að líta á leikinn sem drifkraft náms og þroska. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós betri skilning á tilgangi mismundi leiks hjá börnum (Wood, 2014). Frjáls leikur er talinn börnum mikilvægur og í gegnum hann er litið svo á að nám barna fari fram. Þegar börn leika sér í sjálfsprottnum frjálsum leik fá þau tækifæri til að taka þátt og taka eigin ákvarðanir, þau leika sér á eigin forsendum og geta verið bæði leiðtogar og fylgjendur (Wood, 2014). Þeir eiginleikar sem gera leik að frjálsum leik eru þýðingarmiklir fyrir nám barna og það er mikilvægt að slíkt sé tekið fram í námskrám skóla. Þegar kemur að leik barna er hlutverk kennara mikilvægt og þarf hann að hafa námsumhverfi barnanna í huga þegar kemur að skipulagningu. Kennarinn á að geta útvegað börnum efnivið í samræmi við ákveðna námsþætti og með því samþættir hann leik og nám þeirra. Börn þurfa spennandi og krefjandi verkefni sem er við þeirra hæfi til þess að þau hafi áhuga og vilja til þess að notfæra sér það í leik. Mikilvægt er að kennarar geti horft á börnin með því hugarfari að þau skilji það sem fram fer, geti það sem þau ætla sér og hafi margt fram að færa. Þau eiga að læra að standa á eigin fótum og að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir og fært rök fyrir þeim (Dahlberg, Moss og Pence, 1999). Kennarinn þarf einnig að skoða sín eigin viðbrögð og athafnir þegar kemur að samskiptum við börnin, ásamt því að fylgjast með leik barnanna út frá þeim markmiðum sem hann vill ná fram.

Vygotsky talar um að nám og þroski barna fari fram í félagslegum athöfnum og því er félagsleg reynsla þýðingarmikil fyrir þroska þeirra. Vygotsky setti fram kenningu um svæði mögulegs þroska (e. zone of proximal development) og er það innan þess svæðis þar sem vitsmunaprósinn þróast (Vygotsky, 1978). Með svæði mögulegs þroska er átt við það bil sem myndast á milli þess sem börn geta gert ein og óstudd og það sem þau geta gert með stuðningi frá fullorðnum (Lansdown, 2005). Með stuðningi sem kallast vinnupallar (e.

scaffolding) er átt við það ferli þar sem barnið fær þann stuðning og aðstoð sem það þarf til að geta náð næsta þekkingarþrepi. Barn sem vinnur verkefni með leiðsögn hæfari einstaklinga fær því tækifæri til að bæta við þá þekkingu sem það sjálft hefur fyrir. Það sem barnið getur í dag með stuðningi frá öðrum er mögulegt að það geti eitt og óstutt á morgun. Kenning Vygotsky um svæði mögulegs þroska hefur verið undirstaða í kennslufræðilegum tilgangi, til að skilja hvaða hlutverk börn og fullorðnir gegna í leik og námi. Börn njóta góðs af því að fá stuðning frá fullorðnum til að auðga ímyndunarafli sitt og byggja upp þekkingu (Wood, 2014).

Umræður sem skapast hafa um hvað leikur sé og hvaða tilgangi hann gegni hafa leitt til þess að hann er talinn hafa kennslufræðilegt gildi. Lítið er öðrum augum á leikinn í dag og hann hefur breyst frá því að vera sjálfsprottinn frjáls leikur yfir í að hafa ákveðið kennslufræðilegt gildi. Elizabeth Wood (2014) telur upp þrjár aðferðir sem hægt er að nota við að flokka kennslufræðilegan leik.

- Flokkur A (e. Mode A) er barnamiðaður leikur (e. child-initiated play).
- Flokkur B (e. Mode B) er leikur undir leiðsögn fullorðinna (e. adult-guided play).
- Flokkur C (e. Mode C) er kennslufræðilegur leikur (e. technician version of educational play).

Hér fyrir neðan eru þessir flokkar útskýrðir nánar.

2.2.1. Barnmiðaður leikur þar sem markmið og áhugi barnanna eru ráðandi

Menning, reglur og venjur hafa áhrif á leik barna í leikskóla og endurspeglar kennarar ávallt sín viðhorf og gildi í starfi sínu með börnunum. Þrátt fyrir að lýðræði eigi að gilda í frjálsum leik barnanna í leikskólum þá eru það kennararnir sem velja hvað skal vera í boði hverju sinni. Þeir stjórna því einnig að hvaða leyti hvort og hversu mikið rými börnum er gefið, hvaða reglur eigi að gilda varðandi umgjörð leiksins og hvernig setja eigi reglur um hegðun barna. Þegar tekið er tillit til þessara atriða kemur fram að leikurinn er ekki eins barnmiðaður og frjáls og ætla mætti og er hann því að hluta til heftur. Jafnframt hafa börnin tækifæri til að leika sér í aðstæðum sem eru venjulega ekki í boði. Barnmiðaður leikur hefur sína kosti vegna þess að frjálsræðið býður upp á margþætt og flókin verkefni sem börnin þurfa að takast á við, sem þau hafa annars ekki kost á (Wood, 2014). Í gegnum frjálsan leik fá börnin tækifæri til að vinna með ýmsa færni. Í leik barna er gjarnan leiðtogi eða einhver sem kann betur með efnið að fara. Út frá því öðlast börnin tækifæri til að læra af hinum og geta eftir þekkingu sína. Markmið kennslufræðinnar birtast í athöfnum barnanna og vinnubrögðum kennaranna eru ekki tæmandi og áhersla er lögð á að kennarinn þurfi að vera til staðar fyrir

barnið, vera styðjandi og koma til móts við það. Eftir stendur þó að í barnmiðuðum leik eru það markmið og áhugi barnanna sem eru ráðandi.

Í leik bjóðast aðstæður fyrir börnin til að sýna eigin þekkingu á menningu og venjum, vegna þess að í leik búa þau oft til aðstæður þar sem þau leika einhvern sem þau þekka eða aðstæður sem þau hafa upplifað. Leikur gerir börnunum kleift að læra og þroskast með því að takast á við áskoranir sem eru umfram þeirra getu (Wood, 2014). Þau fá þó tækifæri til að hafa áhrif á hvers konar leik þau leika og geta valið sér leikfélaga. Þó að börnin hafi tækifæri til að leika í frjálsum leik þá er honum þó alltaf stjórnað að einhverju leyti af kennurum, að minnsta kosti hvaða aðstæður er boðið upp á eins og nefnt er að ofan. Kennarar leitast við að útbúa námskrá sem einkennist af bæði frjálsræði og reglum til þess að kenna börnunum hvernig þau eigi að haga sér og einnig að þau læri að fara eftir reglum (Wood, 2014).

2.2.2. Leikur undir leiðsögn fullorðinna þar sem áhugi barnanna er ráðandi

Leikur barna er gífurlega mikilvægur fyrir þroska þeirra og nám. Aftur á móti geta þeir fullorðnu skipulagt leikinn og útbúið reglur til þess að efla þroska og hæfni barnanna og bæta við þekkingu þeirra. Þær reglur sem kennarar setja í kringum leik fara eftir því hvaða tilgangi leikur á að ná og getur hann haft margvísleg markmið (Wood, 2014). Leikur undir leiðsögn fullorðinna getur verið settur upp á marga mismunandi vegu til þess að ná mismunandi markmiðum. Til þess að ná tilteknum markmiðum þarf að gera greinarmun á milli frjálsa leiksins, leiks undir leiðsögn fullorðinna, kennslufræðilegs leiks og að hvaða leyti hægt er að gera nám að leik. Það er mikilvægt vegna þess að ekki er hægt að alhæfa um að börn nái tilteknum þroska eða þekkingu aðeins með barnmiðuðum, frjálsum leik. Þó að leikurinn sé helsta námsleið barna þá hafa niðurstöður rannsókna á viðhorfum barna til leiks sýnt að þau gera sér sterklega grein fyrir því hvað er leikur og hvað er nám (Wood, 2014).

Þegar talað er um leik undir leiðsögn fullorðinna er einnig átt við að kennarar skipuleggi leikinn og tengi hann við kennarastýrðar athafnir með það í huga að ná ákveðnum markmiðum. Í leik öðlast börnin ekki sömu þekkingu og hæfni sem þau ná í leik með leiðsögn eða athöfnum sem eru kennarastýrð og geta þá síður yfirfært á aðrar aðstæður (Wood, 2014). Barnmiðaður leikur hefur ákveðið kennslufræðilegt gildi en þegar kemur að ákveðnum atriðum sem þarf að kenna börnum þá verður leikurinn að vera undir leiðsögn fullorðinna. Það bæði ýtir undir þroska og þekkingu barna. Rannsóknir gefa til kynna að leikskólakennarar gegni lykilhlutverki þegar kemur að því að efla félagsleg samskipti í leik fyrir öll börn. Hlutverk þeirra snýst um undirbúning, skipulagningu, sköpun og að búa til tækifæri til þess að félagsleg samskipti eigi sér stað (Stanton-Chapman, 2015).

2.2.3. Kennslufræðilegur leikur á forsendum kennara

Með kennslufræðilegum leik er markmiðið að ná fram ákveðinni þekkingu, með tilteknum leiðum til náms, til þess að standa undir kröfum námskrárinnar. Leikurinn er skipulagður af kennaranum sem hefur þau markmið í huga að kenna börnum ákveðna þætti og auka þannig þekkingu þeirra og hæfni. Tilgangur kennslufræðilegs leiks er sá að einblínt er á þá hæfni sem börnin eiga að ná og það sem þau eiga að læra í þessum fyrir fram ákveðna leik.

Kennslufræðileg leikreynsla er skipulögð þannig að hún hjálpi börnum að læra námslega færni og þekkingu og styrki vitsmunabroska þeirra. Hægt er að kenna þeim að ná þeirri færni sem þarf til að geta tekið þátt í leik sem hefur ákveðnar reglur, eins og málörvunarleikir eða spil sem kenna börnum að bíða og fara eftir reglum. Hlutverk kennara er að skipuleggja umhverfið, huga að samsetningu barnahópsins og að vera til staðar til að þróa leikinn enn frekar. Félagsleg samskipti eru einnig nauðsynleg börnum til að þau geti þróað sína hæfni til að taka þátt í leik. Með því fá yngri börn stuðning af þeim eldri og njóta góðs af þeim sem eru færari og þau yngri geta einnig eftir þau eldri. Ef aðeins er stuðst við þennan leik í námi og starfi með börnum getur hæfni þeirra til að taka þátt í margvíslegum og flóknum frjálsum leik glatast.

Til að meta kennslufræðilegan leik er hægt að styðjast við þroskamat og námskrármarkmið sem gerir kennurum kleift að skoða þroska og hæfni barnanna hverju sinni og bera það saman (Wood, 2014). Börnin eru staðsett á ákveðnum skala út frá mati á hæfni þeirra og þekkingu. Þessi aðferð gerir lítið úr hinum tveimur vegna þess að hinn flókni, frjálsi leikur er horfinn og viðhorf barnanna einnig. Því er nauðsynlegt að hafa í huga að sum þekking þarf að vera kennd á tiltekinn hátt án þess að trufla eða raska frjálsum leik.

Það er ómögulegt að skilgreina á hvaða hátt kennslufræðilegur leikur skilar hvað mestu til barnanna vegna þess að menning og aðstæður hvers einstaklings eru mjög mismunandi. Lykillinn að farsælu námi og þroska barnanna er því samþætting barnmiðaðs leiks, leiks undir leiðsögn fullorðinna og kennslufræðilegs leiks. Á þessum aldri þróast og þroskast hæfni barna og þekking á hinum ýmsu hlutum og einnig sjálfsvitund þeirra og vinasambönd. Auk þess þurfa þau að læra margs konar reglur og venjur í skólaumhverfinu (Wood, 2014).

2.3. Einelti og útilokun

Í leikskólanum læra börn að umgangast önnur börn, leika við aðra og eignast vini. Með þátttöku í leik og samskiptum við jafnaldra sína er börnum ætlað að öðlast öryggi og stutt er við þróun félagsþroska þeirra. Börn sem eru hvött til að tjá skoðanir sínar geta orðið sterkari og átt auðveldara með að verja sig. Þau þurfa því að fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og læra að svara fyrir sig og einnig verða þau að læra að taka ýmsar ákvarðanir upp á eigin spýtur. Ef þau hafa gott vald á ofangreindu þá munu þau eiga auðveldara með að bregðast við óviðeigandi hegðun og einelti frá öðrum (Lansdown, 2005). Þátttaka barna í leikskólastarfi er flókin og ekki víst að hún sé farsæl fyrir öll börn í öllum aðstæðum. Þess vegna er mikilvægt að koma í veg fyrir einelti í leikskólum (Helgeland og Lund, 2017). Einelti er þegar barn eða hópur barna notar kerfisbundna stríðni eða útilokun gagnvart öðru barni til lengri tíma. Einelti getur þrífist á stöðum þar sem að börn hafa ekkert val um að vera á og hafa ekki tækifæri til þess að komast úr aðstæðunum (Knudsen, Kampmann og Lehrman, 2007). Í leikskólanum læra börnin að fara eftir reglum, en þær eru yfirleitt settar fram af kennurum og tengjast því hvernig börnin eigi að haga sér (Ólafsdóttir, Danby, Einarsdóttir og Theobald, 2017). Börnin fara yfirleitt eftir þessum fyrir fram ákveðnu reglum en þau eru líka vís til þess að beygja þær aðeins eftir því sem hentar þeim best og geta athafnir þeirra einkennst af bæði reglum sem kennarinn setur og reglum sem börnin setja sér sjálf (Ólafsdóttir, Danby, Einarsdóttir og Theobald, 2017). Þau geta einnig notað reglurnar í þeim tilgangi að bæta eigin félagslegu stöðu eða notað þær í leik til þess að útiloka eða hunsa önnur börn (Löfdahl og Hägglund, 2006).

Ólafsdóttir, Danby, Einarsdóttir og Theobald (2017) gerðu rannsókn með börnum í leikskóla til þess að skoða hvernig reglurnar birtast í frjálsum leik hjá þeim. Rannsóknin leiddi í ljós að þau notuðu reglurnar til þess að útiloka önnur börn frá þátttöku í leik. Eitt dæmið sýndi þrjár stelpur í leik og voru þær búnar að búa til kisuhús úr holukubbum og voru að leika kettlinga. Ein stelpa kom að og vildi fá að vera með en þá sagði ein þessara þriggja að hún mætti ekki vera með vegna þess að hún ætti ekki kisu. Rannsakandinn spurði stelpuna sem greinilega réði í þessum leik af hverju hin mættu ekki vera með og þá kom hún með þá afsökun að það mættu bara vera þrjú börn í þessum leik, að það væri skylda að eiga kisu og að hún gæti ekki verið stóra systirin, sem hún gjarnan vildi vera í leik (Ólafsdóttir, Danby, Einarsdóttir og Theobald, 2017). Þarna er hún að beygja reglurnar til þess að útiloka þátttöku einnar stelpu frá leiknum. Annað dæmi er að tvær stelpur voru í leik á svæði þar sem kennarinn var búinn að ákveða að fjórir mættu leika í einu. Þá koma þrjár aðrar stelpur og spyrja hvort þær megi vera með. Önnur stelpa velur tvær þeirra og segir að þær megi vera með en ekki hinar vegna þess að nú væru komnir fjórir á svæðið. Með þessu er hún að beygja reglur kennarans og útiloka þátttöku annarra stelpna í leiknum. Börn nota greinilega

mjög duldar aðferðir til þess að útiloka þátttöku annarra barna í leik og beygja reglur kennaranna eftir sínum eigin löngunum og reyna þannig að efla félagslega stöðu sína innan barnahópsins (Ólafsdóttir, Danby, Einarsdóttir og Theobald, 2017).

Svipaðar niðurstöður koma fram í rannsókn sem var gerð í leikskóla í Svíþjóð. Þar kom í ljós hvernig börnin útilokuðu önnur börn frá þátttöku í leik. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar sást greinilega hvernig börn nota duldar aðferðir til þess. Í leikskólum voru ákveðnar reglur sem börnin og kennararnir höfðu sett í sameiningu og samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar þá notuðu börnin viðkomandi reglur til þess að efla félagslegu stöðu sína innan barnahópsins (Löfdahl og Hägglund, 2006). Skýrasta dæmið sem kemur fram í grein Löfdahl og Hägglund (2006) er þegar tvær stelpur eru að leika sér og tvær aðrar koma inn í herbergið og vilja fá að vera með. Þá bjóða þær fyrrnefndu annarri stelpunni að vera með en ekki hinni. Í þessari rannsókn kom í ljós að þau börn sem hafa hvað sterkasta stöðu félagslega innan barnahópsins hafa mikið vald yfir öðrum börnum. Þau fá að ráða hverjir fá að vera með í leikjum og hverjir ekki og beygja regluna um að allir megi vera með eins og þeim þóknast (Löfdahl og Hägglund, 2006).

Vináttuverkefni Barnaheilla býður upp á verkfæri til að koma í veg fyrir einelti á meðal leik- og grunnskólabarna og ef þessi verkfæri eru rétt notuð þá eru meiri líkur á að það takist að koma í veg fyrir einelti. Samkvæmt hugmyndafræðinni um vináttu er einelti ekki einstaklingsbundinn vandi heldur sprottinn af samskiptalegu, menningarlegu og félagslegu meini (Barnaheill, e.d. c). Í 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að börn eigi rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, bæði innan og utan heimilis. Einelti er sannarlega ofbeldi og með vináttuverkefninu fá kennarar verkfæri í hendurnar sem ætlað er að fyrirbyggja einelti.

2.4. Vináttuverkefni Barnaheilla

Vináttuverkefni Barnaheilla (e. Free of bullying project) er forvarnarverkefni gegn einelti. Það er þróað í Danmörku og byggir á dönskum rannsóknum um einelti og einnig á ákveðnum gildum og hugmyndafræði (Barnaheill, e.d. b). Háskólinn í Aarhus hefur mikið rannsakað einelti í skólum og hefur kallað þær rannsóknir EXbus – Exploring bullying in schools (Aarhus Universitet, e.d.). Með þessum rannsóknum er verið að leita að uppruna eineltis, hvernig það þróast og viðheldur sér. Á vefsíðunni freeofbullying.com (Free of bullying, e.d. b) útskýrir danski eineltissérfræðingurinn Helle Rabøl Hansen eineltishugtakið þannig að einelti sé hópþyrirbæri. Það sé oftast kerfisbundið og markvisst og það geti verið beint eða óbeint í formi útilokunar eða jafnvel hluti af félagslegu umhverfi. Vináttuverkefnið var þróað í

samstarfi tveggja samtaka, The Mary Foundation og Save the Children Denmark, ásamt kennurum og foreldrum (Rambøll, 2017). Meginmarkmið þessara samtaka er að vernda rétt barna til að tilheyra, koma í veg fyrir félagslega einangrun, kenna umburðarlyndi og auka skilning á margbreytileikanum. Vináttuverkefnið er hluti af þessum samtökum.

Vináttuverkefnið er ætlað leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Markmiðið er að koma í veg fyrir einelti með því að upplýsa börn um einelti, kenna þeim góð samskipti, virðingu og hugrekki þannig að þau geti sjálf staðið upp fyrir þeim sem lendir í einelti og aðstoðað. Gefið var út námsefni á íslensku árið 2014 sem er ætlað þeim sem vilja vinna með verkefnið (Barnaheill, e.d. a).



Mynd 1 - Efniviður vináttuverkefnisins

Efnið samanstendur af tösku sem í er bók með sögum sem útskýra gildi verkefnisins. Taskan hefur að geyma:

- Samræðuspjöld með myndum fyrir börn og kennara. Á spjöldunum eru skýrar og litríkar myndir af aðstæðum sem geta komið upp í samskiptum og á bakhliðinni eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.
- Nuddhefti sem inniheldur sögur sem eru lesnar fyrir börnin auk útskýringa og teikninga af nuddhreyfingum þar sem börnin eru að nudda bak hvers annars.
- Sönghefti og geisladisk. Í heftinu eru textar, nótur og hugmyndir að leikjum sem hægt er að nota við tónlistina sem er á geisladiskinum.

Ef kennarar vilja nýta sér námsefnið þá þurfa þeir að fara á námskeið hjá Barnaheillum og fá þar sérstakt leyfi til að nota viðkomandi efni. Námsefnið inniheldur verkefni sem eru ætluð börnum, foreldrum, kennurum og starfsfólki leikskólanna. Hver kennari þarf síðan að útfæra efnið sem best fyrir barnahópinn sem vinnur með honum í verkefninu.

Fjögur gildi eru notuð í verkefninu sem talin eru undirstaða félagslegrar færni og gerir börnum kleift að þróa jákvæð samskipti í barnæsku og síðan í framtíðinni. Þegar unnið er með verkefnið er gert ráð fyrir að börn, kennarar og foreldrar tileinki sér þessi gildi í skólasamfélaginu. Þessi gildi eru:

- Umburðarlyndi – Að börnin skilji mikilvægi og gildi fjölbreytileikans.
- Virðing – Að börnin læri að taka tillit til annarra og vera góður félagi, bera virðingu fyrir öðrum.
- Umhyggja – Að börnin læri að sýna öðrum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpa öðrum.
- Hugrekki – Að börnin læri að láta til sín heyra og setja mörk, vera góður félagi sem hjálpar öðrum og bregst við óréttlæti og einelti.

(Barnaheill, e.d. b)

2.5. Bangsinn Blær

Bangsinn Blær gegnir mikilvægu hlutverki í vináttuverkefninu og er tákn fyrir verkefnið. Hann er fjólublá handbrúða sem kennari notar í öllum vináttustundum. Í vináttustundum fara nokkur börnin með kennara sínum og læra um gildi verkefnisins. Þau fara meðal annars yfir efnið sem er í töskunni með aðstoð frá Blæ. Börnin fá öll einn lítinn bangsa sem heitir Blær og er hann þeirra eign, hann er minni útgáfa af bangsanum Blæ.



Mynd 2 - Bangsinn Blær

Litli Blær er einnig með í öllum vináttustundunum. Bæði stóri og litli Blær eru vinir allra barna en markmið með notkun þeirra er að kenna börnunum að sýna hugrekki, vera góðir vinir og sýna náunganum virðingu (Free of bullying, e.d. a). Hver kennari útfærir vináttustundir eftir barnahópnum en þessar stundir snúast um að kenna börnunum gildin. Hægt er að lesa fyrir þau sögu úr sögubókinni, vera með rólegar nuddstundir og slökun eða taka fram samræðuspjald og ræða um hvað sé að gerast á myndinni. Einnig er hægt að grípa í ákveðnar myndir ef upp koma atvik í skólanum og tala um það út frá myndunum á samræðuspjöldunum.

Í rannsókn sem gerð var með börnum, foreldrum og kennurum í Danmörku kom fram að börnin sem tóku þátt voru mjög upptekin af Blæ böngsunum sínum og höfðu mörg þeirra gefið þeim nafn, föt og útbúið handa þeim rúm. Þau notuðu bangsana sína ef þau vantaði huggun og voru merki umhyggju til barnanna. Börnin gáfu hjálpuðu þeim að gefa þeim rödd og segja frá ef einhver var að stríða (Knudsen, Kampmann og Lehrman, 2007). Í skýrslu Knudsen, Lindberg og Kampmann (2008) á verkefninu í Danmörku kemur fram að kennarar notuðu Blæ bangsann mismikið, allt frá því að vera með í öllum vináttustundum og í að vera alveg sleppt í stundunum. Það á meira við grunnskólabörnin. Börnin notuðu bangsann oft sér til huggunar, leituðu til hans ef eitthvað bjátaði á og sóttu hann ef einhver annar þurfti á huggun að halda (Knudsen, Lindberg og Kampmann, 2008).

2.6. Fyrri rannsóknir

Eftir að vináttuverkefnið hóf göngu sína í Danmörku var gerð rannsókn með 649 börnum í 16 leikskólum og athugað var hvaða áhrif verkefnið hefði á börnin. Níu leikskólar unnu eftir Vináttuverkefninu og voru þátttakendur í þeim skólum í tilraunahópi. Í sjö leikskólum var ekki unnið eftir verkefninu og voru þátttakendur í þeim skólum því í samanburðarhópi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að verkefnið hefði jákvæð áhrif á börnin sem voru þátttakendur í tilraunahópnum, þau áttu til að mynda auðveldara með að tjá tilfinningar sínar og skilja og virða tilfinningar annarra heldur en börnin sem voru í samanburðarhópnum. Einnig hafði verkefnið jákvæð áhrif á félags- og tilfinningalega færni þeirra (Rambøll, 2017). Til þess að mæla áhrifin á þá færni barnanna var notað matstæki sem heitir Socail-emotional assesment/evaluation measure, oft nefnt SEAM (Rambøll, 2017). Þetta er spurningalisti sem kennari eða foreldri fyllir út til að meta félagslega stöðu barnsins.

Þegar Barnaheill á Íslandi hafði tekið upp verkefnið og fært námsefnið yfir á íslensku var gerð rannsókn í sex leikskólum á Íslandi. Sú rannsókn fjallaði um innleiðingu efnisins og upplifun kennara og foreldra. Þrjú spurningalistar voru lagðir fyrir á mismunandi stigum rannsóknarinnar til að meta væntingar og reynslu leikskólakennaranna af verkefninu.

Fyrsti listinn var lagður fyrir áður en verkefnið hófst. Hann samanstóð af spurningum um upplifun leikskólakennara af einelti og hvernig þeir túlkuðu það. Niðurstöðurnar sýndu að flestir höfðu velt hugtakinu fyrir sér, að munur væri á einelti og stríðni og að góð tjáskipti, umburðarlyndi og samkennd væru talin mjög mikilvæg til að koma í veg fyrir einelti (Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir, 2015).

Annar listinn var lagður fyrir eftir um 9 mánaða vinnu með verkefnið og samanstóð sá listi af spurningum um upplifun og reynslu af verkefninu. Niðurstöðurnar sýndu að leikskólakennararnir voru meðvitaðri um eineltishegðun barnanna og greindu jákvæðan mun á hegðun þeirra. Þeim fannst þeir einnig hafa ný verkfæri í höndunum til að koma í veg fyrir einelti. Leikskólakennararnir tóku eftir gleði og ánægju á meðal barnanna þegar efnið var notað. Þeir vildu meina að börnin væru áhugasöm um efnið og nefndu að þau væru hrifnust af litlu böngsunum, spjöldunum, nuddinu, stóra bangsanum og fundunum sem þau tóku þátt í (Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir og Kristín E. Harðardóttir, 2015). Spjöldin virtust hafa jákvæðustu áhrifin og þau gáfu leikskólakennurum hugmyndir um hvernig þeir gætu brugðist við ósætti og flestir nefndu að stóri bangsinn nýttist vel til þess að kenna börnum gildi verkefnisins.

Þriðji spurningalistinn var lagður fyrir eftir að unnið hafði verið með verkefnið í lengri tíma. Í niðurstöðum þess hluta kom fram að efni verkefnisins styddi vel við markmið þess, spjöldin virtust virka hvað best, síðan litlu bangsarnir, nuddið, barnafundir og svo stóri bangsinn. Öllum þátttakendum rannsóknarinnar þótti verkefnið hafa jákvæð áhrif á börnin,

til að mynda fannst þeim að börnin yrðu hugrakkari og reiðubúnari til að verja vini sína. Þeir sáu oftár jákvæð samskipti á milli barnanna, þau virtust hafa aukið hæfni sína til þess að leysa vandamál og minni ágreiningur var á milli þeirra. Allir þátttakendur töldu að verkefnið hefði hjálpað til við að fyrirbyggja einelti og jákvæð áhrif urðu bæði á samskiptum leikskólakennaranna við börnin og á milli barnanna sjálfra (Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir, 2016).

Þessi rannsókn er viðbót við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi vegna þess að hún sýnir sjónarhorn barna á vináttuverkefnið en engar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis. Í grein Söru M. Ólafsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur, „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“ (2017), kemur fram að sjónarmið barna eru oft önnur en sjónarmið fullorðinna og þess vegna er mikilvægt að fá fram sjónarhorn barna á viðfangsefnið. Einnig nefnir Dockett (2008) að þeir fullorðnu geti ekki haldið því fram að sjónarmið barnanna séu þau sömu og þeirra. Með því að hafa sjónarmið barna að leiðarljósi er verið að sýna þeim að viðhorf þeirra, reynsla og réttur sé tekinn alvarlega. Markmiðið með þessari rannsókn er að fá fram sjónarhorn barna um þátttöku sína í vináttuverkefninu. Það er mikilvægt vegna þess að gott er að vita hvað börnunum finnst virka, hvað þeim finnst skemmtilegt eða leiðinlegt og hvað þau læri af því. Í framhaldi af því er hægt að bæta og laga það sem ekki gengur nógu vel og skilar sér ekki til barnanna og er það tilgangur rannsóknarinnar.

Rannsóknarspurningarnar sem lagt var af stað með í þessari rannsókn eru tvær.

- Hvaða hugmyndir hafa börn um þátttöku sína í Vináttuverkefni Barnaheilla (e. Free of bullying project) ?
- Hver er reynsla kennara á Vináttuverkefni Barnaheilla (e. Free of bullying project) ?

3 Rannsóknin

Í þessum kafla er fjallað um þær aðferðir sem ég notaði í rannsókninni og af hverju þær urðu fyrir valinu. Einnig er gerð grein fyrir vali á þátttakendum og vettvangi lýst. Farið er yfir greiningu gagnanna, úrvinnslu þeirra og siðferðilegum atriðum gerð skil.

Markmiðið með þessari rannsókn er að fá fram sýn barnanna á þátttöku sína í Vináttuverkefni Barnaheilla. Þegar unnið er með efnið sem fylgir vináttuverkefninu er þátttaka barnanna meginatriði vegna þess að verið er að kenna þeim að sýna öðrum virðingu og bregðast við stríðni. Börnin sem taka þátt í rannsókninni fá tækifæri til að segja sína skoðun og tjá hvað þau telja sig læra af þátttöku í verkefninu. Tilgangur rannsóknarinnar er að vinna með þær upplýsingar sem koma frá börnunum til þess að kennarinn geti þá bætt og lagað ef eitthvað gengur ekki nógu vel.

Í byrjun rannsóknar las ég efni sem tengist Vináttuverkefni Barnaheilla og efniviður sem tengist því verkefni var skoðaður. Einnig voru skoðaðar bæði íslenskar og danskar rannsóknir sem gerðar hafa verið í tengslum við verkefnið. Lítið er til af rannsóknum á Íslandi en mun fleiri í Danmörku.

3.1. Aðferðafræði

Rannsóknin er byggð á eiginlegum rannsóknaraðferðum og með því ætlaði ég að ná fram sýn barnanna og kennaranna á verkefnið. Með eiginlegum rannsóknaraðferðum er lögð áhersla á að skoða og kanna í náttúrulegum aðstæðum og leita svara við spurningum bæði með munnlegum og sjónrænum samskiptum (Lichtman, 2013). Þegar verið er að gera rannsóknir með börnum þarf rannsakandinn að ígrunda þau viðhorf til barna sem varða hæfni þeirra, réttindi og hlutverk til rannsóknar. Þá þarf að huga að því hvernig gagnaöflun fer fram, val á aðferðum, hvernig greina á gögnin og hvernig eigi að setja fram niðurstöður (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Mikilvægt er að nota ólíkar aðferðir til þess að fá fram sjónarmiði barnanna vegna þess að þau eru fjölbreyttur hópur sem tjáir skoðanir sínar á mismunandi hátt (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Þessar aðferðir verða að taka mið af bæði sjónrænum og munnlegum þáttum sem virkja börnin í að tjá sig og læra hvert af öðru. Hægt er að nota margs konar aðferðir í rannsóknum með börnum en í kaflanum hér á eftir tel ég upp þær aðferðir sem ég taldi að myndu gefa mér bestu upplýsingarnar um hugmyndir barna um þátttöku sína í Vináttuverkefni Barnaheilla.

Rannsóknin er tilviksrannsókn þar sem skoðuð eru einstök og nákvæm tilvik. Tilgangur tilviksrannsókna er að afla gagna um sérstök tilvik sem gefa ákveðnar upplýsingar sem nýtast í rannsókninni (Lichtman, 2013). Tilviksrannsóknir geta verið margs konar og eru tilvikin

fjölbreytt allt eftir eðli rannsóknarinnar. Þau geta verið ákveðin persónueinkenni einstaklings eða þá einkenni skólasamfélags svo eitthvað sé nefnt (Lichtman, 2013). Í þessari rannsókn eru tilvikin börnin og kennararnir sem vinna með vináttuverkefnið. Leitað er eftir því að fá innsýn í upplifun barnanna og skoðanir þeirra og einnig reynslu kennara af verkefninu, hvernig kennararnir upplifa verkefnið. Allar upplýsingar og vangaveltur sem upp koma í rannsóknarferlinu eru færðar jafn óðum inn í rannsóknardagbók.

Að taka viðtöl er ein helsta gagnasöfnun eigindlegra rannsókna og með þeim er rannsakandi að fá upplýsingar sem nýtast í rannsókninni (Lichtman, 2013). Þá eru viðtöl og athuganir ein helsta aðferðin sem notuð er í rannsóknum með börnum (Einarsdóttir, 2007). Í gegnum hálf stöðluð viðtöl er lagt upp með fyrir fram ákveðinn spurningaramma sem áætlað er að leggja fyrir alla viðmælendur en rannsakandi getur þó aðlagð spurningarnar að aðstæðum hverju sinni (Lichtman, 2013). Áhersla er lögð á að fá sem mest út úr viðtölunum og í gegnum opin viðtöl gefur rannsakandi viðmælanda sínum tækifæri til þess að tjá sig á sinn hátt, hann þarf að geta sagt sína sögu og útskýrt sitt sjónarmið. Rannsakandi má ekki vera of stýrandi en þarf þó að beina viðmælanda aftur inn á rétta braut með spurningum ef hann fer að tala um viðfangsefni sem tengjast ekki rannsókninni. Opin viðtöl hafa einnig þann kost að geta leitt rannsakandann á aðrar mikilvægar slóðir sem jafnvel hefði ekki gefist tækifæri til ef um stífan spurningaramma væri að ræða (Lichtman, 2013). Opin viðtöl krefjast þess einnig að rannsakandi þurfi að vera meðvitaður um mikilvægi þess að velja hentuga staðsetningu fyrir viðtalið. Staðsetningin þarf að gefa færi á góðu og friðsælu umhverfi og best er ef bæði rannsakandi og viðmælandi komi sér saman um hentuga staðsetningu (Lichtman, 2013).

Jóhanna Einarsdóttir (2012) segir það að taka viðtöl við börn sé langt í frá eins og að taka viðtöl við fullorðna. Börn hafa oftast enga reynslu af slíku og vita oft ekki hvað rannsakandi ætlast til af þeim. Því er lögð áhersla á að viðtöl við börn séu meira eins og samtöl þar sem börnum er gefið svigrúm til að tjá sig og mikilvægt er að rannsakandi hlusti á það sem þau hafa að segja. Hægt er að taka viðtöl við börnin ein og einnig í hóp. Börn á leikskólaaldri eru von því að vera nokkur saman í hóp og þess vegna er mælt með því að hafa þau saman í litlum hópum í viðtölum og í þeim aðstæðum sem þau þekkja (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Einarsdóttir, 2007). Börnin geta einnig rætt saman um spurningarnar og aðstoðað hvert annað að muna eða segja frá. Sue Dockett (2008) nefnir að þegar börn taki þátt í samtölum þá fái þau tækifæri til að stjórna og hafa áhrif á samtalið og geti rætt það sem þeim finnst skipta máli. Stundum eru umræðurnar komnar út fyrir efni rannsóknarinnar og þá þarf rannsakandi að beina þeim aftur að efninu (Dockett, 2008). Í þessari rannsókn voru tekin hópviðtöl við börn en einstaklingsviðtöl við kennara.

Þegar rannsókn með börnum er gerð þarf að fá leyfi foreldra eða forráðamanna og barnanna sjálfra og var það gert með skriflegu samþykki foreldra ásamt því að börnin voru spurð hvort þau vildu taka þátt. Útskýra þarf vel fyrir börnunum til hvers er ætlast af þeim og um hvað rannsóknin snýst (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Einarsdóttir, 2007). Alltaf þarf að byrja á því að fá leyfi barnanna en nauðsynlegt er að láta þau vita að þau megi hætta hvenær sem er (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015). Foreldrar og forráðamenn hafa alltaf lokaorðið um það hvort börnin megi taka þátt eða ekki. Þegar öll tilskilin leyfi voru komin þá var fengið samþykki kennaranna sem vinna með vináttuverkefnið á þeim deildum sem börnin voru. Öllum var tjáð að gögnin yrðu vel varðveitt á meðan á rannsókn stæði og þeim síðan eytt að henni lokinni. Þar að auki var þeim tjáð að öll börn, kennarar og deildir myndu fá gervinöfn og einnig leikskólinn sjálfur.

3.2. Þátttakendur og vettvangur

Leikskólinn Himnakot varð fyrir valinu hjá mér vegna þess að ég þekki skólann og börnin ágætlega og fannst gott að þau könnuðust við mig. Þátttakendur í rannsókninni voru 21 barn af þremur deildum leikskólans á aldrinum 5 – 6 ára. Einnig tóku þátt þrjú kennarar sem vinna verkefnið með börnunum. Þátttakendur voru valdir út frá því hversu góðar upplýsingar þeir gátu gefið mér um viðfangsefnið og er það kallað markmiðsbundið úrtak (Suri, 2011). Börnin sem taka þátt í þessu verkefni eru í elsta árgangi leikskólans og hafa unnið með vináttuverkefnið í nokkur ár. Svipaða sögu er að segja af kennurunum en þeir hafa einnig unnið með vináttuverkefnið í nokkur ár. Þátttakendur hafa því talsverða reynslu af verkefninu og þar af leiðandi taldi ég best að fá að heyra um þeirra upplifun og reynslu af viðkomandi verkefni og ná fram sjónarhorni beggja hópa. Það er lykilatriði í rannsóknum með börnum að reyna að fá góða innsýn í líf þeirra og öðlast betri skilning á því með því að hafa þau sem þátttakendur (Fraser, Flewitt og Hammersley, 2014).

Allir þátttakendur, leikskólinn og deildir fá gervinöfn í rannsókninni. Hér að neðan er tafla sem sýnir nöfn deilda og fjölda þátttakenda.

Tafla 1 - Nöfn deilda, fjöldi barna og kennara

Deildir	Fjöldi barna	Fjöldi kennara
Sólarljós	5	1
Mánaljós	11	1
Stjörnuljós	5	1

Ég byrjaði á því að gera athuganir á vináttustundunum og var hann í eitt skipti með hverjum hópi. Alls voru hóparnir 3. Fyrsta vináttustundin var á Sólarljósi. Þar voru 5 börn saman í stund í litlu herbergi inn af deildinni. Önnur vináttustundin var á Stjörnuljósi og var hún í litlu herbergi inn af deildinni, sem er einnig hvíldarherbergi, og voru 5 börn saman í þeirri stund. Þriðja vináttustundin fór fram á Mánaljósi í hvíldarherberginu inn af þeirri deild. Þar voru börnin 11 saman í vináttustundinni. Allir hóparnir voru blandaðir strákum og stelpum í sama árgangi.

Þær upplýsingar sem ég fékk í athugunum gefa innsýn í hvaða hugmyndir börnin hafa um gildi verkefnisins og hvernig þau tileinki sér þau.

3.3. Gagnaöflun

Börnin kannast flest öll við mig vegna þess að ég hef haft tengingu inn í leikskólann í nokkurn tíma. Tel ég það vera mjög gott að flest börnin kannist við hann vegna þess að þá eru minni líkur á því að þau séu feimin og líklegt er að þau gefi meiri upplýsingar. Börnin eru ekki vön því að taka þátt í rannsóknum eða að rannsakandi komi inn í þeirra vináttustundir til að fylgjast með. Ég ræddi við börnin um að þau gætu haft áhrif á þetta verkefni og að þau hefðu rétt á að segja sína skoðun. Samkvæmt Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell (2015) hafa kennarar meiri völd í leikskólunum en börnin. Aftur á móti er mikilvægt að börnin séu ekki valdalaus og að þau hafi sína rödd og hlustað sé á þau. Vald er fjölbreytt og margþætt frekar en ákveðin valdabarátta sem lýsir sér með fjölbreyttum samskiptum á milli barna og kennara. Nauðsynlegt er að grundvöllur sé fyrir sjálfstæði barnanna innan leikskólans og að kennarar hafi ekki of mikil áhrif á val þeirra.

Gagnaöflun fór fram í formi athugana, viðtala og rannsóknardagbókar. Eftir athuganirnar voru tekin viðtöl við 2 – 3 börn saman í einu nema í eitt skiptið voru þau 4 saman. Síðan voru tekin viðtöl við alla kennarana sitt í hvoru lagi. Ég fór inn á deildirnar og bauð börnunum að fara með mér inn í annað rými til þess að engin truflun væri af öðrum.

Það rými þekktu þau öll vel þar sem þau höfðu oft unnið þar inni með kennurum sínum. Þau gátu því upplifað sig örugg í sínu umhverfi. Allir viðmælendur samþykktu að viðtölin yrðu tekin upp og notaði ég til þess símann minn. Jafnframt notaði ég rannsóknardagbók þar sem ég skrifaði niður þær hugmyndir og vangaveltur sem upp komu á meðan á viðtölunum stóð. Með því að skrá í rannsóknardagbók er hægt að halda utan um rannsóknina og þær hugmyndir sem rannsakandi fær frá byrjun. Þar á að skrá allar þær hugsanir og þælingar sem hægt er í gegnum rannsóknarferlið (Koshy, 2009).

3.3.1. Athuganir

Rannsóknardagbók var notuð í gegnum allt rannsóknarferlið. Í hana skráði ég allt sem fram fór í þeim athugunum sem vorum framkvæmdar ásamt vangaveltum bæði í og eftir hverja vináttustund. Þá var hægt að nota það sem kom fram í þessum athugunum í spurningar fyrir viðtölin ásamt því að fá betri innsýn í vináttustundirnar. Athuganirnar voru síðan ritaðar í tölvu. Þær voru gerðar inni í vináttustundum á hverri deild og misjafnt var hve mörg börn voru í hverri þeirra. Á Sólarljósi og Stjörnuljósi voru þau 5 í hóp og á Mánaljósi voru þau 11 saman.

Kostir þess að gera athuganir og taka viðtöl eru þeir að rannsakandi fær ákveðna sýn á hugmyndir barnanna og kennaranna, hvað þau eru að læra og hvernig þeim finnst vináttuverkefnið virka. Gallinn við athugunaraðferðina er sá að hún er tímafrek. Ef athuginin er ekki nægilega löng er mögulega hægt að missa af ákveðnum atriðum sem gætu gagnast í rannsókninni og hún gæti einnig haft áhrif á hegðun barnanna (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015).

3.3.2. Viðtöl

Tekin voru bæði hálf stöðluð og opin viðtöl við börnin til þess að fá fram þeirra hugmyndir um vináttuverkefnið. Einnig voru tekin viðtöl við 3 kennara, 1 af hverri deild eða þann sem sinnir vináttuverkefninu mest á hverri deild. Þau viðtöl voru einnig tekin upp og síðan afrituð orðrétt í tölvu. Viðtölin sem voru tekin við börnin voru hálf stöðluð og stuðst var við fyrir fram ákveðinn spurningaramma til að fá svör við rannsóknarspurningu. Í þessum aðstæðum er gott að hafa orð Lichtman (2013) í huga þar sem hún segir að gott sé að aðlaga spurningarnar að aðstæðum hverju sinni. Þegar viðtöl eru tekin við börn þarf að passa vel upp á hvaða börn eru saman í hóp vegna þess að einstaklingar sem eru sterkari geta tekið yfir umræðurnar og þau sem eru feimnari fá þá færri tækifæri til að tjá sig (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Þegar viðtölin við kennarana voru tekin var ég einnig með fyrir fram

ákveðinn viðtalsramma með þeim spurningum sem ég vildi fá svör við (sjá viðauka Á). Í viðtölunum sjálfum komu fram ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar varðandi vináttuverkefnið sem ekki var spurt um.

Kostirnir við að taka viðtöl við börn eru þeir að þá er hægt að ná fram hugmyndum þeirra og sýn á það sem verið er að gera með börnunum og hvað þeim finnst skemmtilegt. Ef hugmyndir barnanna eru aðrar en kennaranna þurfa þeir að taka mark á því og virða þeirra skoðanir (Folque, 2010). Gallarnir eru hins vegar þeir að þátttakendur gætu sagt það sem rannsakandi vill heyra en ræða ekki sínar eigin hugmyndir um viðfangsefnið (Lichtman, 2013). Einnig er ekki eins að taka viðtöl við börn og fullorðna, börnin hafa líklega ekki mikla reynslu af þeim og vita jafnvel ekki til hvers er ætlast af þeim (Einarsdóttir, 2007).

3.4. Gagnagreining

Gögnin voru greind með þemagreiningu, sem þýðir að þau voru rituð í tölvu og ákveðin þemu í svörum barnanna og kennaranna voru greind. Þemun voru síðan notuð til að flokka gögnin og skilgreina þau. Með þemagreiningu sér rannsakandi síendurtekin stef í gegnum öll gögn rannsóknarinnar en greiningin getur tekið á sig margar myndir og fer það allt eftir hvaða fræðilegu afstöðu rannsakandi hefur til gagnanna (Braun og Clarke, 2006; Hedegaard og Fler, 2008).

Viðtölin voru öll tekin upp á símann minn og þau rituð í tölvu og einnig allar athuganirnar. Viðtölin voru flokkuð, skilgreind og síðan greind í þemu. Þegar gögn eru greind með þemagreiningu er stuðst við C-in 3 í bók Lichtman (2013). C-in standa fyrir *coding* (lyklun), *categorizing* (flokkun) og *concepts/themes* (greinandi hugtök/þemu). Með því er átt við að fundnir eru lyklar sem lýsa innihaldi textans og síðan eru fyrstu flokkarnir búnir til. Þeir flokkar sem fram komu í gögnunum eru:

1. Umburðarlyndi
2. Virðing
3. Umhyggja
4. Hugrekki
5. Vinátta
- 6.

Flokkarnir eru síðan greindir og þau síendurteknu stef sem koma fyrir í gögnunum eru skoðuð og þau notuð til að greina þemu (Braun og Clarke, 2006; Hedegaard og Fler, 2008). Þau þemu sem greind voru út frá gögnum í þessari rannsókn eru þessi fimm eftirfarandi:

1. Vera góður við aðra
2. Bera virðingu fyrir hvert öðru og náttúrunni
3. Hugsa um aðra
4. Að segja frá
5. Að vera góður vinur

Þemun endurspeglar hvernig börnin skilja þau hugtök sem unnið er með í vináttuverkefningu.

3.5. Siðferðileg álitamál

Þegar unnið er að rannsóknum með börnum er nauðsynlegt að stuðla að samskiptum sem einkennast af réttlæti og virðingu á milli allra sem taka þátt (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015). Byrja þarf á því að athuga hvort börnin vilji taka þátt en láta þau jafnframt vita að þau megi hætta hvenær sem er. Einnig er mikilvægt að fá fram þeirra skoðanir á málefningu í byrjun, á meðan rannsókn stendur og í lok rannsóknar. En þótt það eigi að vera svo eiga börn samt ekki endilega að vera hluti af allri rannsókninni (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015). Því má geta sér til um að einnig sé mikilvægt að skoða ytri aðstæður barnanna á meðan á rannsókn stendur ásamt viðhorfum þeirra sem standa þeim nærri.

Nokkrar reglur eru taldar upp um siðferðilega þætti varðandi rannsóknir. Þær eru að skaða ekki þátttakendur, þeir verða að koma fram undir dulnefni, rannsakandi verður að gæta fyllsta trúnaðar við þá og leita verður eftir upplýstu samþykki frá þátttakendum og foreldrum áður en rannsókn hefst (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015; Lichtman, 2013). Jóhanna Einarsdóttir (2012) segir að upplýst samþykki merki að þegar þátttakendur hafi fengið góðar upplýsingar um rannsóknina og hvaða skyldur og hættur fylgja henni þá samþykki þeir að taka þátt. Þetta á einnig við um börn. Rannsakendur þurfa að finna leið til að útskýra fyrir börnunum á skiljanlegan hátt um hvað rannsóknin snýst og til hvers er ætlast af þeim í henni (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Einarsdóttir, 2007). Þó geta ýmsar áskoranir staðið í vegi fyrir rannsakendum sem gera rannsóknir með börnum. Rannsakandi þarf að vera vakandi fyrir öllum skilaboðum, bæði óyrtum og yrtum, sem börnin gefa til kynna varðandi rannsóknina og möguleiki er á að það þurfi að endursemjast við börnin á meðan á rannsókn stendur um þátttöku þeirra (Jóhanna Einarsdóttir, 2012).

Rannsakandi verður að geta tekið tillit til stöðu barnanna og sett niðurstöðurnar fram þannig að þær skaði ekki þátttakendur á neinn hátt. Í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 kemur fram að það sé siðferðileg og lagaleg skylda rannsakenda að taka sjónarmið barna alvarlega og virkja þau til þátttöku. Upp geta komið vandamál þegar gerðar eru rannsóknir með

börnum og telja Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell (2015) upp nokkur dæmi þess. Þær segja að þó að börn gefi samþykki sitt fyrir þátttöku sinni þá geta foreldrar og/eða forráðamenn neitað að gefa sitt samþykki. Börnin geta farið að tala um viðkvæmar upplýsingar sem geta leitt til hugsanlegs skaða og þá þarf rannsakandi að athuga hvort tilkynna þurfi það til viðeigandi aðila. Foreldrar og kennarar geta krafist börnin um þátttöku en það gæti haft áhrif á þau gögn sem safnast, sérstaklega ef börnin hafa ekki fengið viðeigandi upplýsingar um rannsóknina til að geta gefið sitt samþykki án áhrifa frá fullorðnum. Samkvæmt Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell (2015) eiga foreldrar og/eða forráðamenn ávallt lokaorðið hvað varðar þátttöku barna í rannsóknum. Er það vegna þess að börn sem eru undir ákveðnum aldri hafa ekki næga færni til þess að taka upplýsta ákvörðun sjálf. Einnig er mikilvægt að traust ríki á milli rannsakanda og þátttakanda og eru allar upplýsingar í trúnaði sem geta gefið til kynna þætti sem einkenna þátttakanda. Ef koma fram upplýsingar sem geta leitt til hugsanlegs skaða á einhvern hátt verður rannsakandi að koma þeim upplýsingum á framfæri til viðeigandi aðila. Þess vegna er mikilvægt að þátttakendum sé gert ljóst strax í upphafi rannsóknar hvaða upplýsingar eru í trúnaði.

Til þess að börnin skilji til hvers er ætlast af þeim þarf að útskýra vel fyrir þeim um hvað rannsóknin snýst. Ég ræddi við börnin áður en viðtölin og athuganirnar voru gerðar um hvað ég ætlaði að rannsaka og hvert þeirra hlutverk væri. Einnig hvernig ég ætlaði að framkvæma rannsóknina og spurði þau hvort þau væru tilbúin til þess að taka þátt í henni með mér. Ég bað þau um leyfi og útskýrði fyrir þeim að þau mættu hætta við hvenær sem væri. Ég sagði þeim að ég væri að gera verkefni í skólanum mínum sem fjallaði um vináttuverkefnið og hvaða hugmyndir þau hefðu um það. Þar af leiðandi þætti mér mjög gaman að fá þau til að taka þátt í þessu verkefni með mér. Ég sagði þeim að ég myndi vera með þeim í einni vináttustund og fengi svo að koma aftur og spjalla aðeins við þau. Þá hefðu þau tækifæri til þess að tala við mig um verkefnið, segja mér hvaða hugmyndir þau hefðu um það og hvað þeim fyndist þau læra af því. Þau voru öll tilbúin að taka þátt og fannst það spennandi. Eitt barnið sagði við kennara sinn eftir viðtalið: „Þetta var skemmtilegt, alveg eins og þegar ég er heima að tala við mömmu og pabba.“

Fengið var leyfi leikskólustjóra til að gera þetta verkefni ásamt leyfi frá foreldrum barnanna og börnunum sjálfum (sjá viðauka A). Til þess að gögnin séu ekki greinanleg fengu allir gervinöfn og skólinn líka. Fyllsta trúnaðar var gætt í öllum þáttum rannsóknar og er ekki hægt á neinn hátt að tengja niðurstöður við tiltekin börn eða deildir. Börnin vissu að þau máttu hætta hvenær sem þau vildu og var fengið leyfi þeirra til að taka viðtölin upp. Samkvæmt Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell (2015) er einmitt mikilvægt að börnin viti að þau megi hætta hvenær sem er, sama hvar í rannsókninni þau standa. Eins og kom fram hér að framan telur Lichtman (2013) upp nokkrar reglur um siðferðilega þætti

rannsóknna. Þeir eru að þátttakendur verði að koma fram undir dulnefni og að þeir skaðist ekki á neinn hátt í gegnum rannsóknarferlið. Jóhanna Einarsdóttir (2012) telur einnig upp nokkrar áskoranir sem geta komið upp í rannsóknarferlinu og eru þær að rannsakandi verður að vera vakandi fyrir því sem börnin segja og gefa til kynna á meðan á rannsókn stendur.

3.6. Trúverðugleiki

Gagna var aflað með fjölbreyttum hætti og fyrirliggjandi gögn voru einnig vandlega skoðuð sem eykur trúverðugleika rannsóknarinnar. Athuganir voru gerðar og viðtöl tekin við þátttakendur og rannsóknardagbók var notuð til að rita hugsanir og hugmyndir rannsakanda á meðan athuganir og viðtöl fóru fram. Þessar niðurstöður munu nýtast mér í mínu starfi og þeim kennurum sem tóku þátt í rannsókninni í áframhaldandi vinnu með börnum. Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar en hægt er að sjá hvaða hugmyndir þau börn og kennarar í þessum eina leikskóla hafa. Hugsanlega getur starfsfólk annarra leikskóla sem vinnur eftir vináttuverkefninu einnig lært af niðurstöðum þessarar rannsóknar og nýtt sér þær í starfi með börnum.

3.7. Samantekt

Hér að ofan var farið yfir hvaða aðferðir voru notaðar við gagnaöflun og gagnagreiningu, aðstæðum á vettvangi var lýst svo og þátttakendum. Einnig var farið yfir hvaða siðferðilegu álitamál þarf að hafa í huga við gerð rannsóknar af þessu tagi.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla er sagt frá niðurstöðum rannsóknarinnar og hvaða upplýsingar fengust frá börnunum og kennurum. Einnig er rannsóknarspurningunum svarað en þær eru :

- Hvaða hugmyndir hafa börn um þátttöku sína í Vináttuverkefni Barnaheilla (e. free of bullying) ?
- Hver er reynsla kennara af Vináttuverkefni Barnaheilla (e. free of bullying) ?

Fyrst er greint frá athugunum og því sem kom fram í þeim. Síðan er sagt frá svörum barnanna og hvaða hugmyndir þau hafa um vináttuverkefnið, einnig er vitnað beint í svör þeirra. Á eftir eru svörin tengd við gildi vináttuverkefnisins og vináttu og þau síðan tengd við þemun. Þau eru eftirfarandi:

1. Vera góður við aðra
2. Bera virðingu fyrir hvert öðru og náttúrunni
3. Hugsa um aðra
4. Að segja frá
5. Að vera góður vinur

Að lokum er farið yfir svör og hugmyndir kennaranna og þau einnig tengd við þemun. Þeir höfðu frá mörgu áhugaverðu að segja sem ég taldi mikilvægt að kæmi fram í þessum niðurstöðukafla. Orð kennaranna eru notuð til að styðja við hugmyndir barnanna og athugað hvort sameiginlegan grundvöll sé að finna í hugmyndum og sýn barna og kennara.

4.1. Athuganir í þremur hópum

Athuganir voru gerðar í vináttustundum með börnunum, einu sinni með hverjum hópi. Stundirnar voru 30 – 50 mínútur í senn og fór það allt eftir áhuga barnahópsins hverju sinni. Í öllum stundunum voru bæði strákar og stelpur.

Í fyrstu athuguninni sem var á Stjörnuljósi voru fimm börn saman og sátu þau öll í gluggakistunni og kennarinn fyrir framan þau. Ég settist aðeins til hliðar til að trufla ekki og skráði hjá mér það sem fram fór. Börnin náðu öll í litla Blæ bangsann sinn til að hafa með í stundinni. Fyrst las kennarinn sögu úr vináttubókinni og börnin sátu öll og hlustuðu af mikilli athygli. Þeim fannst sagan skemmtileg þótt þau höfðu heyrt hana áður. Eftir söguna tók kennarinn fram spjald með mynd og spurði þau hvað væri að gerast á myndinni. Börnin kepptust öll við að svara spurningum og fá að segja frá og þurfti kennarinn að biðja mörg

þeirra að bíða á meðan eitt barn kláraði sína frásögn. Hann þurfti einnig að passa upp á að gefa öllum jöfn tækifæri til að taka til máls þar sem sum höfðu meira að segja en önnur og höfðu því tilhneigingu til að yfirgnæfa umræðuna.

Í annarri athuguninni sem gerð var þá voru fimm börn saman í hóp á Sólarljósi. Börnin settust öll á gólfið og kennarinn fyrir framan þau og ég kom mér fyrir aðeins fyrir aftan kennarann til þess að trufla ekki. Kennarinn las sögu úr bók sem fylgir efniviðnum um gildi vináttuverkefnisins og flest börnin sátu spennt og fylgdust með. Það var einstaka barn sem átti aðeins erfitt með að sitja kyrrt og einbeita sér við að hlusta. Kennarinn tók síðan upp spjald með mynd á og spurði börnin hvað væri að gerast á henni. Börnin sátu öll og horfðu á myndina og svöruðu spurningum kennarans af miklum áhuga og þeim sem áttu erfitt með einbeitingu gekk betur þegar þau fengu að taka þátt í umræðunni.

Þriðju stundina gerði ég á Mánaljósi og þá voru 11 börn saman. Það voru talsvert fleiri börn en í hinum stundunum en það gekk samt mjög vel vegna þess að barnahópurinn passaði svo vel saman. Það þurfti ekki að skipta þeim í hópa. Börnin sátu öll á dýnum á gólfinu í hálfhring í kring um kennarann og hann fyrir framan þau. Ég kom mér fyrir aðeins fyrir aftan til þess að trufla ekki. Kennarinn byrjaði á því að spyrja hvert og eitt barn hvernig því liði í dag og af hverju því liði þannig og fengu þau öll tækifæri til að svara. Síðan var lesin saga úr bókinni og börnin sátu öll og hlustuðu án truflana. Eftir söguna tók kennarinn myndaspjald og spurði þau um hvað væri að gerast á myndinni. Sama var í stund tvö og þrjú að kennarinn þurfti að stoppa sum börnin af til að önnur kæmust að, en hann notaði þá aðferð að fá börnin til að rétta upp hönd til að fá orðið. Það gekk mjög vel og þau virtu það að vera ekki alltaf að trufla og grípa fram í þegar aðrir töluðu. Mikil og skemmtileg umræða skapaðist þegar farið var yfir myndina og sagt er frá nokkrum dæmum í kaflanum hér að neðan. Í lokin fóru börnin í nuddstund þar sem þau tóku öll þátt og virtust hafa gaman af. Kennarinn bauð mér að taka þátt í þeirri stund sem ég þáði auðvitað og fannst það frábært.

4.2. Viðhorf og hugmyndir barnanna

Í þessum kafla koma fram viðhorf barnanna gagnvart vináttuverkefninu. Hugmyndir þeirra um verkefnið og hvernig þau skilja það kemur skýrt fram í svörum þeirra. Börnin voru oftast sammála í viðtölunum og fannst mér á þeirra svörum að þeim fyndist þau læra mikið af þátttöku sinni í verkefninu. Greindir voru fimm flokkar við gagnagreiningu og eru þeir tengdir við gildi verkefnisins og eru:

1. Umburðarlyndi
2. Virðing
3. Umhyggja
4. Hugrekki
7. Vinátta

Börnin eru að læra um þessi gildi og í viðtölunum komu fram hugmyndir þeirra um gildin.

Þegar ég spurði þau hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í vináttustundunum svöruðu þau flest að þeim fyndist nuddið skemmtilegast, hlusta á sögu úr vináttubókinni og umræðan út frá vináttuverkefninu. Þóra, Björg og Jóhanna töluðu um að þeim þætti skemmtilegast þegar kennarinn væri að spyrja þær spurninga um Blæ eða vináttuverkefnið í heild. Fleiri börn voru sammála þeim. Þegar ég spurði Dísu hvað henni fyndist skemmtilegast sagði hún: „Tala um Blæ.“ Þær umræður sem eiga sér stað í vináttustundum eru um þau gildi sem fjallað er um í dæmum og sögum á spjöldunum og í vináttusögubók. Þessi gildi eru umhyggja, umburðarlyndi, virðing og hugrekki. Þór sagði að honum fyndist skemmtilegast að tala um umhyggju í vináttustundunum.

Börnin voru einnig spurð hvað þeim fyndist leiðinlegast að gera og flest öll töluðu þau um að það væri ekkert leiðinlegt í vináttustundum. Sumum fannst þó leiðinlegt að hlusta á sögu úr bókinni en það voru þá aðallega þau börn sem fannst erfitt að sitja og hlusta. Þau vildu frekar fá að taka þátt í umræðum og nuddstundum. Silja var ein um það að finnast nuddið leiðinlegast. Hún sagði:

Nudda, mér finnst leiðinlegt að nudda, stundum þá þarf ég bara að taka mér pásu og sérstaklega ef ég er að nudda Láru, þá tek ég mér pásu, þá segir hún bara: Silja haltu áfram!, ég bara þarf þá að fara aftur að nudda. Ég get aldrei tekið pásu þegar ég er að nudda Láru, svo ég er ekkert mikið að vilja nudda Láru.

Silju fannst samt gaman að fá nudd sjálf og henni virtist ekki finnast snertingin óþægileg, hún nennti þessu bara ekki. Það sem var áhugaverðast við svörin við þessari spurningu var að þeim fannst flestum að ekkert væri leiðinlegt eða minnst skemmtilegt.

4.3. Hugmyndir og skilningur barna á grundvallarhugtökum vináttuverkefnisins

Þegar ég spurði börnin út í gildi vináttuverkefnisins og skilning þeirra á megin hugtökum þess þá komu hugmyndir þeirra vel í ljós. Til þess að börnin geti yfirfært þá þekkingu sem þau hafa á gildunum yfir á raunverulegar aðstæður þurfa þau að vita um hvað gildin snúast og skilja hvað átt er við. Það gat stundum verið örlítið flókið fyrir börnin að útskýra fyrir mér með orðum þeirra eigin hugmyndir á þessum gildum. Mörg þeirra tóku skýr dæmi um gildin og margar mjög skemmtilegar útskýringar komu í ljós.

Þessi þemu sem eru talin upp hér að neðan komu ítrekað fram í öllum gögnum mínum í gegnum athuganirnar og viðtölin.

1. Vera góður við aðra
2. Bera virðingu fyrir hvert öðru og náttúrunni
3. Hugsa um aðra
4. Að segja frá
5. Að vera góður vinur

Í athugunum sköpuðust miklar umræður um þessi atriði og börnin tjáðu hugmyndir sínar um þau. Hér fyrir neðan eru tekin nokkur dæmi.

4.4.1. Skilningur barna á umburðarlyndi

Þegar börnin voru beðin um að segja mér hvað umburðarlyndi væri þá nefndu þau hjálpsemi, bera virðingu fyrir öðrum og að vera góður við aðra. Jóna kom með mjög áhugaverða skýringu og sagði:

Að sýna umburðarlyndi er ekki að hlæja þegar einhver dettur. Og ég datt áðan og Páll fór að hlæja og hann sagði að ég datt ofan í kolakassann og ég meiddi mig.

Umburðarlyndi var það gildi sem þau áttu erfiðast með að útskýra eða lýsa, en líkt og hjá Jónu komu þau oft með hugmyndir sem virtust geta gagnast þeim sjálfum og hópnum til að

skilja hugtakið betur. Jóhanna segir: „Það er ef maður hjálpar öðrum.“ Silja talaði um að henni væri ekki sýnt umburðarlyndi þegar hún sæti á klósettinu, hún sagði:

Silja: Ég fæ aldrei frið.

Rannsakandi: Er alltaf verið að reka á eftir þér ?

Silja: Já.

Rannsakandi: Já, okey, þannig að þú vilt að aðrir sýni þér umburðarlyndi þegar þú ert á klósettinu ?

Silja: Já.

Þetta er eitt dæmi af mörgum þar sem að börnin segja skemmtilega frá og í viðtölunum átti ég stundum erfitt með að fara ekki að hlæja.

4.4.2. Skilningur barna á virðingu

Þegar við töluðum um virðingu komu fram hugmyndir eins og að það sé að bera virðingu fyrir hvert öðru, bera virðingu fyrir jörðinni, ekki lemja eða kýla, ekki rífa það sem aðrir teikna, sýna umburðarlyndi. Lára, Jóna og Eva höfðu margar hugmyndir um hvað virðing væri. Þær sögðu:

Jóna: Að sýna umburðarlyndi. Gera það sem maður á að gera, hlusta á.

Lára: Ekki grípa fram úr.

Eva: Bera virðingu fyrir náttúrunni.

Þær nefndu mörg atriði sem þeim fannst lýsa virðingu og voru mörg þeirra nokkuð góð. Rúnar og Silla sögðu að virðing væri það að vera vinur og meiða ekki. Kristinn sagði: „og ekki bara plata neitt“. Í einu viðtalinu, þar sem þrjár stelpur voru saman, sköpuðust skemmtilegar umræður um virðingu:

Björg: Það er kannski að hún Jóhanna elskar bleikan lit og ég elska bláan og þá segi ég...

Þóra: Bleikur er ekki flottur litur.

Björg: Nei og þá segi ég, þá segir Jóhanna, blár hann er ekki flottur. Og þá er Jóhanna að sýna mér óvirðingu. En ef að Jóhanna segir ekki þetta þá er hún að sýna mér virðingu.

Jóhanna: Þá segi, þá er ég að segja..

Þóra: Flottur litur Björg.

Björg: Já, og ég segi takk fyrir og svo segi ég flottur litur hjá þér líka.

Með þessu móti tókst börnunum að útskýra með áhugaverðum dæmum, stundum í fáum orðum. Þau bjuggu til aðstæður sem þau lýstu fyrir mér og útskýrðu á þann hátt hvernig gildin ættu sér stað í þeim aðstæðum, eins og í dæminu hér að ofan.

4.4.3. Skilningur barnanna á umhyggju

Börnin þekktu vel hvað umhyggja væri og komu þau mörg með svör sem lýstu því hvernig þau sýndu náunganum umhyggju. Þau lýstu umhyggju á þá vegu að þá væri maður að hjálpa öðrum, hugga þá sem meiða sig, hugsa vel um aðra, bera virðingu fyrir öðrum og að segja fyrirgefðu. Jón sagði:

Þegar afi minn datt, þá var hann að reyna að gera svona og hann bara datt og ég var að hugga hann.

Í viðtali við Ara, Finn og Þór skapaðist umræða um að þeim fyndist mikil umhyggja fólgin í því að bjóða manni í veislur og gefa fólki mat. Í einu viðtali við þrjár stelpur komu þær með eftirfarandi dæmi um umhyggju:

Lára: Eins og þegar Eva missti stígvélin, þá fór ég að hjálpa henni.

Eva: Ég missti þau, þau eru of stór á mig.

Rannsakandi: Já og var þá Lára að hjálpa þér ?

Eva: Já.

Þannig útskýrðu stelpurnar í þessu viðtali hvað umhyggja væri og hvernig maður sýndi öðrum umhyggju og greinilegt virtist í svörum þeirra að þær væru að yfirfæra það sem þær lærðu í vináttustundunum yfir á raunverulegar aðstæður. Silja tók dæmi um hvað henni fyndist umhyggja vera og sagði:

Það er eins og ef ég væri kannski bara að öskra á kennarann og bara segja: réttu mér súpuskálina! Og þá vil hún ekki gera það af því að ég öskraði á hana. Það væri betra ef ég myndi segja svona: Kennari, viltu rétta mér súpuskálina? Þá mundi hún bara rétta mér.

Silja átti það til að búa til aðstæður þar sem hún lýsti með mörgum orðum og látbragði hvað hún væri að meina. Til að mynda í þessari útskýringu hennar þá öskraði hún af alvöru og það síðan fallega þegar hún lýsti því.

4.4.4. Skilningur barnanna á hugrekki

Hugrekki var það gildi sem börnin tjáðu sig hvað mest um. Björg og Þóra lýstu hugrekki á áhugaverðan hátt og lýstu aðstæðum sem koma fyrir í einni sögunni í vináttubókinni.

Björg: Eins og Birna í einhverri sögu þá var alltaf ein Rósa, hún var alltaf með freknur þannig, og þá kom...

Þóra: Kom stelpa í leikskólann sem sagði alltaf þú mátt ekki vera með því þú ert svo skítug í framan...

Björg: Í mömmuleik, en hún var bara með freknur og þá var hún alltaf hún Birna svo hrædd og...

Þóra: Hún þorði ekki að segja það.

Björg: En svo sagði Blær, vertu hugrökk, segðu bara að allir þurfa að leika saman, hún getur verið skemmtilega frænkan.

Þarna má sjá að þær lýstu hugrekki á þann hátt að Birna væri hugrökk með því að segja fullorðnum frá og segja við stelpuna sem væri að stríða að allir gætu leikið saman og að ekki mætti skilja út undan. Einnig töluðu börnin um að hugrekki væri að vera traustur, hugga, segja fyrirgefðu, vera hugrakkur, að gera allt sem maður þorir ekki, og segja fullorðnum frá ef einhver meiðir sig. Silja sagði frá atviki sem hún lenti í:

Einu sinni þá datt amma mín í strætó og ég hjálpaði henni upp og ég sagði bílstjóranum að hann mætti ekki keyra af stað af því amma mín væri ekki komin í sæti.

Þarna var hún hugrökk og sýndi ömmu sinni umhyggju og virtist hafa yfirfært það sem hún lærði í vináttustund á raunverulegar aðstæður. Börnin töluðu öll um að hafa sýnt hugrekki

með því að hjálpa öðrum sem þyrftu á hjálp að halda og þau spurðu vini sína hvað væri að ef eitthvað bjátaði á hjá þeim og næðu í kennara eða einhvern fullorðinn til að aðstoða. Áhugaverðar umræður sköpuðust á milli mín og Silju þar sem sést að hún hefur virkilega mikið ímyndunarafl og getur búið til alls konar sögur.

Silja: Það er líka hugrekki að hlaupa yfir götu í myrkri.

Rannsakandi: Er það ekki bara hættulegt ?

Silja: Það er líka hugrekki.

Rannsakandi: Ég held að það sé bara hættulegt, það gæti komið bíll og keyrt á þig.

Silja: Pabbi segir að það sé hugrekki af því að hann hefur sjálfur gert það, en það kom meira að segja ekki mótorhjól.

Silja hafði frá mörgum áhugaverðum og skemmtilegum sögum að segja.

4.4.5. Vinátta: að vera saman, leika og hugga

Í flestum viðtölunum skapaðist mikil umræða um hvaða hugmyndir þau hefðu um hvað það væri að vera góður vinur og hvort þau væru öðrum góðir vinir. Flest börnin sögðu að góðir vinir meiddu ekki, þeir hjálpuðu öðrum, léku sér saman og væru góðir, þeir sýndu umhyggju og skildu engan útundan. Björg sagði: „eins og ef maður sér einhvern vera að gráta, þarna, þá getur maður sagt hvað er að.“ Þá sagði hún að vinir kæmu til hvers annars og segðu frá því ef þeim liði illa og af hverju þeir væru að gráta. Þær Silja og Ella útskýrðu hvernig maður gæti eignast vini.

Silja: Vera góður og leika. Ég ætla að öskra þú átt að vera vinur minn og ég ætla að vera vinur þinn, það er ekki hægt.

Rannsakandi: Nei.

Silja: Þá eignast maður ekki vini.

Ella: Þá fær maður ekki neina vini.

Silja: Þá fær maður kannski ekki neitt.

Ella: Já, bara biðja umhyggju.

Silja: Eða segja bara viltu vera vinur minn, eða eigum við að vera vinir.

Silju fannst gaman að leika atvik á dramatískan hátt og sýndi hún mér sínar hugmyndir um vináttu með leikþætti sem hún spann á staðnum. Hún sagði Ellu að koma og setjast hjá sér á stóla á miðju gólfi til að taka þátt í leikþættinum. Silja og Ella byrjuðu að tala saman en horfðu alltaf á mig af og til og brostu, þær voru að athuga hvort ég væri ekki örugglega að fylgjast með. Silja sagði við Ellu: „Eigum við kannski að vera vinir?“ og Ella svaraði: „Já, endilega, komum að leika“. Þær þóttust síðan fara að leika með dúkkur og bjuggu um þær á gólfinu. Skyndilega reif Silja þykjustu dúkkuna af Ellu og öskraði á hana og sagði: „Ég á þessa dúkku, þú mátt ekki leika með hana!“ Ella varð mjög sár og þóttist fara að gráta. Þær sneru sér að mér og Silja sagði að svona gerðu góðir vinir ekki. Þeir rifu ekki af einhverjum eða öskruðu á vini sína. Eftir þennan þátt vildi hún Silja endilega taka annan leikþátt um hvernig ætti að vera góður vinur. Hún sneri sér að Ellu og sagði: „Núna skalt þú byrja, hvernig erum við góðar vinkonur?“ Silja virtist taka stjórnina og hjálpaði Ellu vegna þess að hún er feimnari en Silja. Ella sagði: „Komdu Silja, við skulum fara og fá okkur ís“, og í þykjustuleiknum fóru þær út í búð að kaupa ís. Búðin var borð sem er inni í herberginu. Ella sagði: „Við ætlum að fá íspinna með súkkulaði“, Silja þóttist bíða spennt eftir ísnum og sagði við Ellu: „Það er alltaf gaman að fá sér ís“, þegar er gott veður, og líka þegar er ekki gott veður“. Þær þóttust síðan taka við ísnum og byrjuðu að borða hann. Silja sagði þá: „Þetta var frábær hugmynd Ella, mér finnst ís svo góður“. Ella sagði: „Já, mér líka, sjáðu hvað við erum góðar vinkonur“. Silja tók upp á því að missa ísinn í gólfið og þóttist fara að gráta. Silja hefur mikið ímyndunarafli og dettur alls konar hlutir í hug. Hún sagði við Ellu: „Ísinn minn datt í gólfið og er ónýtur, núna á ég engan ís!“. Ella hugsaði sig um í smá stund og bauð svo Silju að smakka á ísnum sínum, sem hún þáði og þær kláruðu það sem eftir var af ísnum í sameiningu. Þetta atvik sýndi okkur að þær hafa margar hugmyndir um hvernig það sé að vera vinur og hvað vinir gera ekki.

Helgi og Páll töluðu um að vinátta snerist um hjálpssemi og að leika saman. Þeir sögðu:

Páll: Róla saman.

Helgi: Og vera alltaf saman.

Hugmyndir Ara, Finns og Þórs um vináttu snerust um það að allir strákarnir væru góðir vinir og að þeir hjálpuðust að. Ari sagði: „Hjálpa kannski að klæða mann í skó eða setja utan yfir.“

Einnig talaði Ari um að hjálpa vinum sínum með því að segja frá ef einhver meiddi sig en svipaða sögu höfðu flest öll börnin í þessari rannsókn.

Hugmyndir barnanna um vináttu eru mjög svipaðar og flest þeirra sögðu að góður vinur væri sá sem hjálpaði og væri góður við aðra. Jóna og Lára töluðu um að ekki ætti að skilja út undan og að stundum væru þær leiðinlegar við hvora aðra. Þær sögðu:

Lára: En stundum erum við leiðinlegar, bara stundum.

Rannsakandi: Hvað gerið þið þá ?

Jóna: Við hættum bara að leika við hvort annað.

Þær sögðust stundum útkljá málin sjálfar en stundum fengju þær aðstoð frá kennara og einnig notuðu þær stundum Blæ til að hjálpa sér. Þannig kom fram að Blær gæti hjálpað þeim að læra um gildin og sýna öðrum samkennd.

Til þess að fá hugmyndir barnanna um bangsann Blæ og hvaða tilgangi hann gegndi í vináttustundum þá spurði ég þau hvað þeim fyndist Blær gera fyrir þau. Þau svöruðu mörg að hann hjálpaði þeim að vera glöð, huggaði þau, væri góður og kenndi þeim gildi verkefnisins. Silja og Ella töluðu um tilgang Blæs.

Ella: Huggar mann, knúsar mann ef maður er grátandi.

Silja: Ef við erum leið þá megum við alltaf hlaupa inn og ná í Blæ og knúsa hann.

Ella: Ekki hlaupa, labba.

Silja: Við hlaupum bara úti og svo förum við í fataklefann, klæðum okkur úr, náum í Blæ og knúsum hann og segjum honum allt sem er búið að gerast, að við séum leið yfir því.

Rannsakandi: Og hann hjálpar ykkur ?

Silja: Já, eiginlega.

Í öðru viðtali kom einnig fram að þau sæktu í hann sem huggun.

Rafn: Já við fáum alltaf að taka hann, við geymum hann í skúffunni og fáum að taka hann þegar við erum leið.

Rannsakandi: Já og hann huggar ykkur og knúsar ykkur ?

Rafn: Já.

Það kom langoftast fram hjá börnunum að Blær hjálpaði þeim og huggaði þau, þau gætu fengið knús frá honum ef þeim liði illa eða væru leið. Jóna talaði um Blæ og hvað henni fyndist hann kenna henni: „Umhyggju og virðingu og hugrekki og elska.“ Sum börnin voru ekki alveg sammála því að Blær kenndi þeim eitthvað.

Helgi: Ekkert.

Rannsakandi: Er hann ekki að kenna ykkur neitt ?

Páll: Nei.

Rannsakandi: En til hvers er hann ?

Páll: Hmmm, bara til að hjálpa okkur, hann hjálpar okkur ef við erum að gráta.

Börnin notuðu Blæ ekki mikið þegar þau léku sér, heldur einungis í vináttustundum. Þetta kom fram í einu viðtalinu þar sem rannsakandi ræddi við tvö börn. Þau sögðu:

Alda: Stundum megum við leika með hann.

Rannsakandi: Já, og hvernig eruð þið þá að leika með hann ?

Kolbeinn: Í kaplakubbum.

Rannsakandi: Og er hann þá með ykkur í leik ?

Alda: Já, eða þú veist við byggjum hús fyrir hann og svo getum við líka verið í dýnum með hann.

Það var erfiðast fyrir börnin í rannsókninni að lýsa hugtakinu einelti og flest þeirra sögðust ekki vita hvað það þýddi. Þau voru nokkur sem töluðu um að einelti væri að skilja út undan og stríða öðrum. Finnur sagði: „Þegar einhver er aleinn að leika og vinir eru að skilja út undan.“ Ef til vill er ástæðan sú að ekki er mikið rætt um einelti í vináttustundunum, þar er frekar verið að tala um gildin, mikilvægi vináttu og börnin fá öll tækifæri til að tjá sínar hugmyndir um vináttuverkefnið.

4.5. Reynsla kennara af notkun efnisins í vináttuverkefninu

Ég ræddi við þrjá kennara sem vinna mest með vináttuverkefnið með börnunum á hverri deild. Þær fengu gervinöfnin Helga, Þóra og Margrét. Það var áhugavert að ræða við kennarana um verkefnið og heyra þeirra hugmyndir um það og hvernig þeim fyndist verkefnið virka fyrir börnin og þær sjálfar.

Kennurunum fannst almennt ganga ágætlega að vinna með efnið en þeir sögðu að það skipti líka máli hvernig barnahópurinn væri samansettur og hvernig þeim væri skipt. Helga sagði:

Það fer bara eftir barnahópnum, mér finnst auðveldast þegar þau eru minni hópur, eins og kannski eldri saman og yngri saman í staðinn fyrir stóri hópurinn og það er bara svona auðvelt að nota Blæ, ef maður notar hann sem hjálpartæki og ef maður lætur hann tala og heilsa og fara yfir reglurnar áður en maður byrjar og hvernig við ætlum að sitja og hvað við ætlum að gera, það er mjög auðvelt því þau hlusta rosalega vel á hann.

Helga nefndi að bangsinn Blær væri mjög gott hjálpartæki í vináttustundunum og að hún notaði hann mikið til að tala við börnin og sig. Börnin væru miklu áhugasamari að hlusta þegar hann ætti í hlut. Hér að neðan er dæmi úr samtalinu við Helgu:

Helga: Það gengur oft betur þegar hann er sá sem sagði reglurnar og ég tala svolítið við Blæ og hann er að hvísla að mér og þú veist og við erum svona og þau svona stoppa rosalega mikið við það.

Rannsakandi: Finnst það greinilega svona spennandi ?

Helga: Já, þau bera mikla virðingu fyrir honum og trúna því oft að hann sé að tala í alvörunni einhvern veginn, það er alveg auðvelt þannig að leggja inn hjá þeim.

Það fer samt mikið eftir hvernig barnahópurinn er samsettur hvaða hlutverki Blær gegnir. Þóra sagði að hann trúfli börnin frekar en að hjálpa þeim og því notaði hún hann minna með sínum barnahópi. En það væri samt mjög misjafnt vegna þess að hópurinn sem hún vann með á undan gat notað Blæ miklu meira sem hjálpartæki. Þóra sagði:

Sko hópurinn sem ég er með núna þau þola engan veginn að hafa bangsana þá fer bara öll orkan í bangsana, en hópurinn sem ég var með áður finnst bara voða fínt að halda á böngsunum.

Með þessu átti Þóra við að börnin ættu auðvelt með að hafa bangsana með í vináttustund, þau trufluðust ekkert í stundinni og notuðu þá aðeins til að hafa þá í fangi sínu. Margrét sagði að best væri að hafa blandaðan hóp af strákum og stelpum og ekki of fjölmennan og að börnin væru öll í sama árgangi. Einnig nefndi hún að það væri gott að hafa í huga að blanda saman einstaklingum sem væru opnir og þeim sem væru lokaðir og ættu erfitt með að tjá tilfinningar sínar. Hún sagði:

Blandaður hópur gefur oft breiðari skilning og útskýringar á tilfinningum og sýn barnanna á því sem þau sjá og upplifa. Gott að hafa minni hóp til þess að ná betur til einstaklingsins innan hópsins svo allir nái að tjá sig og tala um það sem

þau sjá og upplifa. Börn sem eru frekar feimin og eiga erfitt með að tjá sig gera það frekar í minni hóp. Og þau börn sem vilja endalaust tala læra að hlusta og bíða þegar það eru færri börn í hópnum. Þegar þau eru öll í sama árgangi í hópnum þá eru þau á sama þroskastigi og skilningur því svipaður.

Litli Blæ bangsinn er hugsaður fyrst og fremst sem hjálparbangsi, börnin eiga að geta náð í hann og fengið knús og huggun ef eitthvað bjátar á. Þau virðast nota hann mismikið í þeim tilgangi. Helga talaði einmitt um þetta og sagði:

Já, það er svona mismikið og svona kannski kynningin hefur kannski ekki alveg verið nógu góð þú veist með yngstu á deildinni í vetur en það er svona bara út af samsetningunni á hópnum. En það er gaman að sjá að elstu eru að nota þetta og það svona þú veist, þau eru svona misdugleg, sum eru algjörlega með þessa hugsun, umhyggjuna og allt þetta og þá eru þau að hlaupa og ná í bangsann og rétta kaldan klút og Blæ og svo eru önnur sem ætla að sækja þetta við allar aðstæður, þannig við líka aðeins að takmarka. Hann er að virka til að hugga marga, hann róar. Hann mætti kannski vera sýnilegri hjá okkur, það var bara ákveðið að hafa hann inni í skáp og þau vissu öll af honum af því að þau hafa svólítið verið að taka hann og bara leika sér með hann. En okkur finnst hann eigi að vera meira svona spari, [...] hann er ekki leikfang í þessu daglega og ekki nema þá í einhverri ákveðinni stund eins og ef maður býður upp á það í Blæ að þeir eru að hittast og eitthvað svoleiðis.

Þóra hafði svipaða sögu að segja. Hún sagði að börnin sæktu ekki mikið í litlu Blæ bangsana, þau hefðu ekki tileinkað sér það ennþá og vildu aðallega leika sér með hann frekar en að nota hann sem hjálparbangsa. Margrét sagði það sama, að það væri einstaka barn sem sækti í bangsann til þess að fá knús og hughreystingu. Þannig að það gæti verið miserfitt að tileinka sér það að hafa Blæ með.

Helga bætti við að efnið væri mjög aðgengilegt fyrir starfsfólkið, leiðbeiningar með nuddinu væru mjög góðar, sögubókin og spjöldin líka, þau er aðeins of opin en alveg hægt að leika sér með þau og nota hugmyndaflugið. Börnin væru fljót að læra hvernig lesa ætti í svipbrigði og annað sem kemur fram á spjöldunum, að setja sig í spor þeirra sem þar eru sýnilegir og orða tilfinningar. Helga sagði:

Já. Þau eru bara mjög móttækileg og finnst þetta spennandi þannig það er oft auðvelt að fara í þessa tíma þegar maður gefur sér, maður er vel undirbúinn þannig, og nuddið er mjög auðvelt, þeim finnst það spennandi sko.

Kennararnir voru ekki allir sammála um að nuddið væri auðvelt eða skemmtilegt, en það færi allt eftir því hvernig það færi fram og barnahópnum í heild. Margrét sagði að henni fyndist nuddið erfiðast. Henni fyndist börnin oftast vera of mörg saman í hóp og þá gæti verið erfiðara fyrir þau að taka þátt. Það er betra ef börnin eru fá og kennarinn getur hjálpað þeim eins og þarf til að gera nuddæfingarnar. Þeim fyndist auðveldara að vinna með hugtökin og gildin í vináttustundum.

4.5.1. Gildi vináttuverkefnisins að mati kennaranna

Kennararnir töluðu um að það væri auðvelt að vinna með efniviðinn sem fylgir verkefninu, það væri aðgengilegt og börnin næðu að tengjast því. Þegar börnin væru búin að læra um hugtökin þá næðu þau að tengjast efninu betur og skildu það betur. Til þess að kenna börnunum hugtökin sem felast í vináttuverkefninu fannst kennurunum best að byrja að lesa sögurnar í sögubókinni og fara síðan í spjöldin. Margrét sagði:

Já, það er mjög gott að börnin læri að orða og tjá tilfinningar sínar og læri að lesa í aðstæður. Þessir tímar kenna þeim að læra hvað liggur á bak við orðin og þau æfa sig í því að lýsa tilfinningum með svipbrigði og orðum.

Helga sagði að sögubókin væri nauðsynleg með og gott væri að lesa sögurnar í bókinni áður en spjöldin væru notuð. Nauðsynlegt væri þá að taka bókina fyrir aftur og aftur en með mismunandi nálgun á efnið vegna þess að í hvert skipti sem sögurnar væru lesnar fyrir sama hópinn þá sköpuðust alltaf nýjar og nýjar umræður. Þóra sagði:

Ég reyni að taka fyrir sko spjöldin, sko við byrjum að taka eins og virðingu, hvað er virðing og við tölum um það, þá er ég að taka svolítið spjöld tengt því og við lesum sögu um virðingu og við erum með slatta upp á vegg. Erum með virðingu og klöppum atkvæði og hvað er virðing og það allt saman. Þannig að já, mér finnst þau tengja sko, í staðinn fyrir að byrja að bara nota spjöldin, mér fannst þau ekki tengjast efninu nógu vel fyrr en maður fór að taka hugtökin fyrir.

Margrét sagði að nauðsynlegt væri að flétta inn í verkefnið fleiri bókum sem fjölluðu um gildi og að auðveldast væri að vinna með spjöldin. Hún sagði:

Það er auðveldast að fjalla um spjöldin þar sem börnin eiga að útskýra það sem þau sjá á myndinni. Það er einnig gott að rifja upp sögurnar í bókinni en það mættu vera fleiri sögur. Einnig er söngurinn mjög skemmtilegur sérstaklega ef við getum verið inni í sal og haft gott rými.

Misjafnt er eftir barnahópum hversu vel þau tileinka sér hugtökin í leik og samskiptum. Margrét sagði að börnin væru dugleg að tileinka sér þau gildi sem þau lærðu í vináttustundum og að þau væru mjög mikið að yfirfæra þau á raunverulegar aðstæður eins og til dæmis útiveru eða leik. Þóra sagði að hópurinn sem hún ynni með núna væri ekki eins duglegur að yfirfæra það sem þau lærðu í stundunum í leikinn. Hún sagði:

Eins og hópurinn sem ég er með núna, mér finnst hann kannski ekki beint vera að tengja en fyrir 2 árum, sá hópur var bara, maður fékk bara tár í augun, þau voru bara: „nú ert þú ekki að sýna þessum umhyggju“ og voru að nota orðin.

Þannig að það fer alltaf eftir barnahópnum og hvernig hann er samsettur hverju sinni hvernig það gengur að vinna með efniviðinn og hversu dugleg börnin eru að tileinka sér hugtökin í samskiptum og leik. Viðhorf kennaranna var í þá átt að þær teldu að námið færi fram í félagslegu samhengi. Helga talaði einnig um þetta með þeim hópi sem hún vinnur með. Hún sagði:

Af því þau eru alveg með hugtökin og þau vita lausnir þegar maður er að spjalla og setur upp einhverjar klípusögur og hvað hefðum við getað gert og hvað getum við gert og þau geta alveg svarað manni og svo er maður kannski að sjá að maður er að ræða eitthvað í stundinni og svo fer maður út og maður er að lenda í einhverjum aðstæðum og þau eru ekki að nýta það, en það er svona það sem maður vill sjá sko að verði virkara. En það kemur örugglega bara vonandi með aldrinum. Þau kunna þessi hugtök, vita hvað er orðið virðing og vita hvað er að vera hugrakkur og hvernig maður getur æft sig í að vera hugrakkur en að þau vita svörin við þessu öllu og maður er að nýta þetta til að ýta þeim áfram á ýmsum stöðum, eins og í sal þessi sem eru lofthrædd, að nota þessi hugtök, þetta virkar. En yfirfærslan mætti stundum vera betri í samskiptunum. Eða þú veist það sem þau vita og geta svarað í stundum að það sé verið að gera það í samskiptum milli barnanna.

Börnin eru að læra að tileinka sér þessi gildi og þau geta útskýrt þau og sagt hvað þau myndu gera í ákveðnum aðstæðum í vináttustundunum. Helga nefndi einnig að það væri auðvelt að vinna með efnið á þann hátt að auðvelt væri að grípa tækifærin þegar þau gæfust í leik og nota hugtökin þá. Hún sagði það vera mikilvægt:

Grípa inn í fataklefanum og ef maður sér einhvern, þú veist að láta þau heyra þú veist þessi hugtök sem maður er svolítið að leggja inn og þetta með stoppið, að vera alltaf að minna á þetta í útiverunni og líka ef við verðum vitni að því eins og

þau sýna umhyggju úti, það meiðir sig einhver og þau koma hlaupandi og ná í kennara og eru að hugga að vera þá búin að nota þau tækifæri til að hrósa þeim og láta hina sjá, þannig að þau svona ná að stimpla þetta svolítið fast inn.

Helga taldi einnig nauðsynlegt að kennararnir ynnu saman og hjálpuðu börnunum að tileinka sér þessi gildi í öllum aðstæðum leikskólalífsins, úti jafnt sem inni, til þess að þau gætu tileinkað sér þau í samskiptum og leik sín á milli. Margréti fannst þetta verkefni vera mjög gott en það væri best ef allir starfsmenn deildarinnar gætu farið á námskeið um vináttuverkefnið til að læra að vinna með það. Um þetta sagði hún:

Mjög gott þegar Blæ verkefni hafa verið tekin á skipulagsdegi leikskólans og mætti það vera markvissara til þess að allir starfsmennirnir geta tileinkað sér verkefnið og hvernig það nýtist sem best í leik og starfi.

Einnig sagði hún að það skipti miklu máli að börnin tileinkuðu sér fyrst þau hugtök og gildi sem koma fram í verkefninu vegna þess að það væru ekki allir eins, við værum öll ólík og það ætti ekki að skipta máli. Þau læra líka að vera sáttt við sig sjálf og verkefnið hjálpar þeim mikið með það.

4.5.2. Gagnvirk áhrif á fjölskyldu og leikskóla

Kennararnir sögðu líka að börnin væru að ræða verkefnið heima við foreldra sína og Helga sagðist vera ánægð með það að verkefnið hefði líka áhrif heima. Helga heyrði oft frá foreldrum hvað þau væru ánægð með verkefnið og hvað börnin væru að ræða heima um það. Hún sagði:

...og þú veist þau eru að tala um þetta heima og maður er að fá svona sögur að þau þurftu að komast heim úr sumarbústað af því að það var Blæstund og þau urðu bara að vera í Blæstundum. Og það voru einhverjir foreldrar í göngutúr og þau gátu bara ekki komist áfram því barnið, þá vorum við að tala svo mikið um virðinguna og virðingu fyrir umhverfinu og allt þetta og þá komust þau ekkert áfram, þau voru svo mikið að týna rusl að þau komust ekkert áfram í göngutúr.

Greinilegt er hversu vel þetta skilar sér heim og það er líka nauðsynlegt að foreldrar séu upplýstir um hvað börnin eru að læra og að vera þeim góðar fyrirmyndir. Börnin töluðu flest um að nuddið væri skemmtilegast og kennararnir höfðu sömu sögu að segja. Helga nefndi einnig hvað hún væri ánægð með að þetta hefði líka fylgt börnunum heim og að þau væru líka að nudda foreldra sína. Hún sagði:

Maður er að heyra hvað fólk er rosalega ánægt með nuddið. Þau eru að skila því, þau eru að nudda foreldra sína og eru að biðja um nudd og börn sem að, það hafa komið foreldrar hérna með yngsta barnið alveg bara hann vill bara láta nudda sig, hvað er það, foreldrar sem segja við vorum ekkert að gera eitthvað svona. Finnst svo æðislegt að það er einn sem var farinn að sækja í vellíðan á að fá nudd og finnst það æðislegt, eitthvað sem þau hafa ekkert verið að gera foreldrarnir. Þannig ég held að þetta hjálpi líka með snertingu við aðra og mér finnst það mjög gaman að heyra þegar fólk er að koma og miðla því sem að var að skila sér heim úr Blæstundum og vinnunni með Blæ.

Kennararnir sögðu að þeir þyrftu að vera duglegri að nota líka foreldra- og kennaraspjöldin vegna þess að ef verkefnið ætti að virka eins og til væri ætlast þá þyrftu foreldrar einnig að taka þátt með því að nota hugtökin heima. Einnig að fá alla þá sem vinna með börnunum að taka þátt í þessu verkefni eins og ípróttafélög og skólann í heild. Um þetta sagði Helga:

Það þarf alltaf að vera að halda þessu við, þetta er ekkert eitthvað eins og ég segi og er margbúin að segja og segi alltaf, þetta er ekki einhver ein Blæ stund á viku heldur er þetta eitthvað sem allir í skólanum og miðlun til foreldra að þá held ég að þetta sé efni sem á að geta svínvirkað. Og þarna, fá foreldra með og ekkert að sitja ef eitthvað kemur upp að láta foreldra vita þannig þau ræði líka við börnin þannig þá held ég að þetta efni sé algjörlega að fara að virka til lengri tíma.

Þessi vinna með börnunum er greinilega að skila sér miðað við orð kennaranna. Hugmyndir þeirra um verkefnið sýnir að þau eru flest öll að tileinka sér gildin og að læra að yfirfæra það sem fram fer í vináttustundunum yfir á raunverulegar aðstæður, bara mishratt.

4.6. Samantekt

Hér á undan var gerð grein fyrir niðurstöðum úr öllum viðtölunum sem tekin voru við börnin og kennarana. Það fer eftir kennurum og deildum hversu stórir hóparnir eru saman í vináttustundum. Það er einnig eftir samsetningu barnahópsins og hvernig kennarinn vinnur með efnið. Allir kennararnir höfðu unnið með vináttuverkefnið til lengri tíma og höfðu góða reynslu af því.

Börnunum fannst verkefnið spennandi og þau bíða mörg eftir að fá að fara í vináttustund. Þau eru dugleg að tileinka sér gildi verkefnisins og eru að læra að yfirfæra þau yfir á raunverulegar aðstæður, eins og í útiveru eða leik og samskiptum milli barnanna. Mörg hver nota orðin, umhyggja, umburðarlyndi, virðing og hugrekki og geta útskýrt hvað þau þýða.

Þeim fannst vináttan einnig vera mikilvæg og nefnd hafa verið mörg dæmi um hugmyndir barnanna um vináttu hér að framan. Þau sögðu að þau mættu ekki skilja út undan eða stríða og betra væri þegar allir væru góðir vinir og gætu leikið sér saman. Börnunum fannst mikilvægt að geta hjálpað öðrum og sýnt umhyggju, umburðarlyndi, virðingu og hugrekki í alls konar aðstæðum leikskólalífsins. Þau töluðu öll um að sýna hugrekki með því að koma vinum sínum til aðstoðar ef eitthvað bjátaði á og gera eitthvað sem þau þorðu í raun ekki. Umburðarlyndi var það gildi sem þau voru síst viss um hvað þýddi en sum þeirra gátu þó lýst fyrir mér aðstæðum þar sem þau sýndu umburðarlyndi.

5 Umræður

Þær upplýsingar sem ég fékk í athugunum gefa innsýn í hvaða hugmyndir börnin hafa um gildi verkefnisins og hvernig þau tileinka sér þau. Í þessum kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar ræddar, þær tengdar við fræðilegt efni um gildi og hugmyndafræði vináttuverkefnisins og nám, leik og samskipti barna. Einnig eru hugmyndir barnanna um vináttuverkefnið ræddar og sú reynsla sem kennararnir hafa af verkefninu. Markmiðið með þessari rannsókn var að fá fram viðhorf og hugmyndir barnanna á Vináttuverkefni Barnaheilla. Kennarar voru einnig inntir eftir reynslu sinni af því að nota vináttuverkefnið með börnum og er það tengt saman í þessum kafla. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um viðhorf og hugmyndir barna til vináttuverkefnisins svo þessi rannsókn er viðbót við þær fáu rannsóknir sem til eru hér á landi.

Í þessari rannsókn var stuðlað að samskiptum sem einkenndust af réttlæti og virðingu gagnvart öllum þátttakendum og er það nauðsynlegt í rannsóknum með börnum (Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell, 2015). Skemmtilegar umræður sköpuðust meðan á athugununum stóð og börnin höfðu mikinn áhuga á að tala um vináttuverkefnið og tjá sínar skoðanir. Groundwater-Smith, Dockett og Bottrell (2015) segja að þrátt fyrir að börnin séu þátttakendur þá eigi þau ekki endilega að vera hluti af allri rannsókninni. Með því er átt við að börnin séu virkir þátttakendur í þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að þeim og þurfi ekki að eiga við um gögn sem safnað er með viðtölum við aðra hópa, í þessari rannsókn við kennarana. Í viðtölum við kennarana kom fram önnur mynd, en saman gátu hugmyndir barna og kennara gefið skýrari mynd af verkefninu. Þar sem stuðst var við opinn viðtalsramma öðlaðist rannsakandi betri sýn á hvernig kennararnir litu á hugmyndir barnanna um vináttuverkefnið og hvaða hugmyndir þeir hefðu sjálfir um það. Ekki hefði gefist tækifæri til þess ef um stífan viðtalsramma hefði verið að ræða (Lichtman, 2013).

5.1. Þátttaka barna í vináttuverkefninu

Börnin höfðu flest góða reynslu af því að taka þátt í vináttuverkefninu og flestum fannst það mjög áhugavert. Í vináttustundunum er lögð áhersla á að hvetja þau börn sem halda sig meira til hlés að tjá sig meira og gæta þess að öll börnin fái jöfn tækifæri til tjáningar. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í samningi Sameinuðu þjóðanna (1989) um að börn eigi að fá tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu. Á undanförunum áratugum hafa rannsóknir með börnum breyst og þróast til hins betra. Í dag hafa rannsakendur meiri og betri þekkingu á námi og þroska barna. Með því að hlusta á raddir

þeirra hafa þeir sýnt fram á að börn eru sérfræðingar í eigin lífi (Jóhanna Einarsdóttir, 2013). Í athugunum kom fram að börnin væru virk í umræðunum sem áttu sér stað og að þau hefðu sínar eigin ákveðnu skoðanir á því sem verið var að ræða.

Til þess að skilgreina þátttöku barnanna út frá þátttökuflokkun Lansdown (2005) þá eru þau þátttakendur í vináttuverkefninu vegna ákvarðana þeirra fullorðnu (e. participatory processes) sem er punktur tvö í þátttökuflokkun Lansdown. Kennararnir grípa oft inn í leik og samskipti ef það þarf og minna börnin á Blæ og gildi vináttuverkefnisins. Kennarinn er yfirleitt búinn að skipuleggja stundirnar fyrir fram og ákveða hvað verður tekið fyrir hverju sinni. Fram kom í athugunum að börnin hefðu mikil áhrif á stundirnar með því að taka þátt í umræðum og koma með hugmyndir um hvernig hægt væri að hafa næstu vináttustund eða hvað væri gaman að taka fyrir næst. Þegar börn fá að taka virkan þátt þá styrkist sjálfsmynd þeirra og þegar þau finna að á þau sé hlustað eykst hæfni þeirra í að taka þátt í samskiptum (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012). Þau finna að börnin sé virðing fyrir þeirra skoðunum. Í viðtölunum tjáðu börnin sig þannig að þeim virtist finnast að skoðanir þeirra væru virtar. Fram kom í viðtölunum að börnin töldu að allir hefðu rétt á að segja sína skoðun og að hún væri virt. Þetta sást einnig í athugunum þar sem að börnin fengu öll tækifæri til að segja frá án þess að gripið væri fram í fyrir þeim. Stundirnar gengu að mestu leyti vel og voru börnin áhugasöm um það sem fram fór. Þau tóku virkan þátt í öllum umræðum, hlustuðu á það sem aðrir höfðu að segja og flest börnin tóku þátt í nuddstundinni sem var framkvæmd í einni athuguninni. Sum börn áttu erfitt með að sitja kyrr og einbeita sér að því sem var verið að fjalla um í vináttustundinni. Við þannig aðstæður geta kennarar brugðist við með því að hafa hópana öðruvísi eða jafnvel minni og hafa þau börn saman í hóp sem hafa einbeitingu fyrir meira krefjandi efni eins og fram kom í viðtölum við kennarana. Samkvæmt reynslu þeirra hefur það tekist vel. Þau sem eiga erfitt með einbeitingu og að sitja kyrr ættu að fá efni við hæfi. Jafnvel væri hentugra fyrir þau börn að læra hugtökin og gildin í gegnum frjálsan leik þar sem kennarinn situr með þeim á gólfinu og er með þeim í leiknum. Með því er hann einnig að grípa börnin í raunverulegum aðstæðum og kenna þeim í gegnum leik. Tengist þetta flokki B hjá Wood (2014). Flokkur B er leikur með leiðsögn fullorðinna og með því móti ná kennararnir að ýta betur undir nám, þekkingu og þroska barnanna. Kennarinn skipuleggur leikinn til að ná fram ákveðnum markmiðum. Með því að hafa leikinn undir leiðsögn fullorðinna er líklegra að börnin geti yfirfært það sem þau læra yfir á aðrar aðstæður (Wood, 2014).

5.2. Hugmyndir barnanna

Börnin höfðu öll svipaðar hugmyndir um gildi vináttuverkefnisins. Þau þekktu öll gildin, umburðarlyndi, umhyggju, virðingu og hugrekki, og gátu flest útskýrt fyrir mér hvaða hugmyndir þau hefðu um þau. En samkvæmt þeim hugmyndum sem vináttuverkefnið byggir á eru þessi gildi undirstaða þess að börn geti átt í jákvæðum og góðum samskiptum, þroskað félagslega færni og hjálpað hvert öðru að koma í veg fyrir einelti (Barnaheill, e.d. b). Þegar ég ræddi við þau um einelti var mjög erfitt fyrir þau að útskýra það. Eftir að hafa rætt um það í smá stund sögðu nokkur þeirra það vera að skilja út undan og stríða öðrum. Í leikskólanum eru börn að öðlast öryggi sem ýtir undir félagsþroska og er það ein ástæða þess að koma í veg fyrir einelti (Helgeland og Lund, 2017). Í gögnum rannsóknarinnar kom fram að börnin sýndu öryggi með því að tjá sig frjálst og óhikað um skilning sinn á nokkrum frekar flóknum hugtökum. Silja og Ella sýndu öryggi með því að búa til leikþátt sem sýndi hvernig þær túlkuðu vináttu.

Í viðtölunum við bæði kennara og börn og athugunum kom fram að börnin töldu sig einnig læra að fara eftir reglum sem settar væru um hegðun og framkomu þeirra í garð annarra í vináttustundunum og í samskiptum og leik. Frá sjónarhorni barnanna eru þau að fara eftir þessum reglum þótt raunin sé önnur að mati kennaranna. Sem dæmi má nefna að í viðtalinu við Silju og Ellu kom fram að þær þekktu regluna að ekki mætti hlaupa á ganginum þó svo að þær væru að sækja Blæ. Silja sagði að þegar hún færi inn að sækja Blæ þá hlypi hún inn. Ella sagði þá strax að það mætti ekki hlaupa. Kennarinn verður að vera duglegur að grípa börnin í öllum aðstæðum daglegs leikskólalífs, þar á meðal aðstæðum sem þessum og hjálpa þeim að yfirfæra gildin á raunverulegar aðstæður.

Hugmyndir barnanna um vináttuverkefnið í heild voru mjög jákvæðar og virtust þau bíða spennt eftir næstu vináttustund til þess að geta rætt meira um það og komið sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri. Þau voru fljót að tileinka sér það sem fram fór í vináttustundunum eins og sást í dæminu um Lára og Evu þegar Lára hjálpaði Evu í stígvélin vegna þess að Eva datt úr þeim. Lára hefur góða hugmynd um hvað umhyggja er og getur yfirfært það á raunverulegar aðstæður. Hugmyndir barnanna um umhyggju voru þær að hjálpa öðrum, hugga þann sem meiðir sig, hugsa vel um aðra, bera virðingu fyrir hvert öðru og segja fyrirgefðu. Það kemur heim og saman við útskýringu á umhyggju samkvæmt Barnaheillum (e.d. b) en þau segja að börnin læri að sýna öðrum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpa öðrum. Hugmyndir þeirra um virðingu voru einnig í samræmi við útskýringu Barnaheilla (e.d. b) þar sem að börnin læra að taka tillit til annarra, vera góðir félagar og bera virðingu fyrir öðrum. Börnin sögðu að það væri að bera virðingu fyrir öðrum, bera virðingu fyrir jörðinni, ekki lemja og ekki kýla, sýna umburðarlyndi og vera góður við aðra. Þau tengdu saman umburðarlyndi og virðingu og fannst það vera sama hugtakið. Barnaheill (e.d. b)

útskýrir hugrekki á þann hátt að börnin læri að láta til sín heyra og setji mörk, séu góðir félagar sem hjálpi öðrum og bregðist við óréttlæti og einelti. Hugmyndir barnanna voru mjög svipaðar og sögðu þau að hugrekki væri að vera traustur, hugga, segja fyrirgefðu, vera hugrakkur, gera allt sem maður þorir ekki og segja fullorðnum frá ef einhver meiðir sig.

Þegar ég spurði þau hvað þeim fyndist skemmtilegast þá kom oftast fram að þeim fannst nuddið skemmtilegast eða þá að hlusta á kennarann lesa sögu úr sögubókinni. Mörgum fannst einnig skemmtilegt að ræða um efnið og Blæ. Flest þeirra gátu ekki fundið neitt sem þeim fannst leiðinlegast við vináttustundirnar, þau eru áhugasöm um verkefnið og vilja fá að taka þátt í því. Einni stelpu fannst nuddið þó leiðinlegt. Ef aðstæður koma upp í stund þar sem barni finnst jafnvel óþægilegt að láta snerta sig eða snerta aðra þá þarf ávallt að virða það. Finna þarf eitthvað annað fyrir barnið á meðan eða æfa það í fámennari hóp og kannski aðeins með besta vini. Kennari þarf alltaf að vera vakandi yfir svona aðstæðum.

Blær á að vera vinur allra barnanna en markmiðið með notkun hans er að kenna börnunum að sýna hugrekki, vera góðir vinir og sýna náunganum virðingu (Free of bullying, e.d. a). Börnin sóttu mismikið í Blæ en þau eiga öll sinn litla Blæ sem þau geta fengið að knúsa ef þeim líður illa. Þau vita til hvers Blær er notaður og segja að hann hjálpi þeim að vera glöð, huggi þau, sé góður og kenni þeim um umburðarlyndi, hugrekki, umhyggju og virðingu. Í rannsókn Knudsen, Kampmann og Lehrman (2007) kemur fram að börnin notuðu bangsana sína ef þau vantaði huggun og umhyggju, Blær hjálpar þeim að segja frá ef einhver er að stríða eða lendir í vandræðum og veitir þeim rödd til að tjá sig. Hlutverk kennarans er einnig að gæta þess að barninu líði vel og komist að því af hverju því líður illa áður en barnið er sent inn til að finna Blæ. Auðvitað á alltaf að bjóða barninu að sækja Blæ til huggunar en meta þarf hverju sinni hvort kennari grípi líka inn í og huggi barnið. Hann þarf að kenna börnunum við hvaða tilefni þau geta sótt í Blæ bangsann sinn og hvaða tilgangi hann gegnir.

Börnin vissu öll út á hvað verkefnið gengur og í viðtölunum og athugununum virtust þau vera að tileinka sér þessi gildi. Þau sögðust hafa sýnt hugrekki með því að segja kennara frá ef einhver meiðir sig eða með því að hjálpa öðrum. Þetta sýnir að þau eru að ná að yfirfæra það sem þau læra í vináttustundunum í leik og samskipti sín á milli. Einnig tala börnin mikið um að ekki eigi að stríða öðrum og allir eigi að vera vinir sama hvernig maður líti út. Allir eiga að fá að vera eins og þeir eru og með því hugarfari er einnig verið að koma í veg fyrir einelti. Í athugununum kepptust börnin um að fá orðið og vildu svara spurningum sem kennarinn spurði eða þau spurðu út í viðfangsefni vináttustundarinnar það skiptið og sýndu þau verkefninu mikinn áhuga. Samræmist þetta niðurstöðum í rannsókn Láru Rúnar Sigurvinsdóttur, Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur og Kristínar E. Harðardóttur (2016). Þar kemur fram að þátttakendur rannsóknarinnar segja að þeir hafi upplifað meiri jákvæð samskipti meðal barnanna og þau sýndu aukna færni í að taka á ágreiningi.

Aðgengi að Blæ var misjafnt eftir deildum. Á sumum var hann mjög aðgengilegur og á öðrum var hann í lokuðum skáp þar sem hann sást ekki. Það virðist samt ekki hafa áhrif á hvort börnin sæki Blæ eða ekki. Á þeirri deild þar sem hann er geymdur inni í skáp voru þau duglegust að sækja hann. Á þeirri deild þar sem hann er geymdur í skúffum sóttu þau síst eftir því að sækja hann, en þar sem hann er sýnilegastur eru þau líka mjög dugleg að sækja hann. Þetta virðist ekki fara eftir því hversu aðgengilegur hann er heldur hvernig kennarinn kemur Blæ inn í vináttustundirnar og daglegt starf.

5.3. Hugmyndir kennaranna

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kennararnir vinna vel þetta verkefni með börnunum og mikill áhugi er fyrir því. Það fer samt mikið eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni hvernig gengur að vinna með einstaka þætti. Það sem virkar vel fyrir sum börn virkar jafnvel ekki fyrir önnur. Það geta samt allir fundið eitthvað við sitt hæfi og kennarinn þarf að hafa opinn huga fyrir því hvernig unnið er með verkefnið hverju sinni.

Í rannsókn sem gerð var í Danmörku þar sem börn voru þátttakendur í tilraunahópi og samanburðarhópi kom í ljós að vináttuverkefnið hafði jákvæð áhrif á þau börn sem voru í tilraunahópi. Þau áttu auðveldara með að tjá tilfinningar sínar og virða tilfinningar annarra og það hafði jákvæð áhrif á tilfinningalega og félagslega færni barnanna (Rambøll, 2017). Það sem hefur komið í ljós í þeim athugunum og viðtölum sem gerð voru í Danmörku er að börn og kennarar eiga auðveldara með að útskýra tilfinningar sínar og skilja tilfinningar annarra. Börnin sjá ef einhverjum líður illa og geta sótt aðstoð kennara ef þarf. Þau eru ekki mikið að skilja önnur börn út undan, þótt það gerist samt stundum og þá þarf kennari að minna þau á Blæ og hvað hann myndi gera í þessum aðstæðum. Þá eru þau fljót að gera sér grein fyrir að allir geta leikið saman og með því eru þau að læra að yfirfæra það sem fram kemur í vináttustundum yfir á raunverulegar aðstæður. Samræmist þetta niðurstöðum þessarar rannsóknar. Lára talaði um að hafa hjálpað Evu þegar hún datt úr stígvélunum sínum og Silja sagði að ef börnin væru leið þá mættu þau alltaf hlaupa inn og ná í Blæ og knúsa hann. Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir (2016) nefndu í rannsókn sinni að öllum kennurum þætti verkefnið hafa mjög jákvæð áhrif. Börnin voru jákvæðari í samskiptum, þau voru hugrakkari og hæfni þeirra til að leysa vandamál jókst og í kjölfarið var minni ágreiningur á milli barnanna.

Í viðtölunum kom fram að kennararnir fundu allir fyrir ánægju barnanna og spenning þegar vináttustundirnar voru að byrja. Þeim fannst börnin hafa mikinn áhuga á þessu verkefni og því meiri ástæða væri til þess að vinna með það og kenna þeim gildin.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við rannsókn sem gerð var á Íslandi meðal

leikskólakennara þar sem þeir fundu einnig fyrir gleði og ánægju í barnahópnum í vináttustundum. Börnin voru mjög áhugasöm og töluðu um að þau væru mjög hrifin af litlu Blæ böngsunum sínum, nuddinu, spjöldunum og stóra Blæ bangsanum (Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir og Kristín E. Harðardóttir, 2015). Fram kom í viðtölunum við Þóru, Helgu og Margréti að börnin væru hrifnust af stóra Blæ bangsanum og spjöldunum.

Þær töluðu um að stóri Blæ væri mjög góður til þess að kenna börnunum gildin. Eins og Helga sagði í viðtalinu þá talar hún mikið við börnin í gegnum Blæ og þau sýna mestan áhuga þegar hann er notaður með. Það virðist henta hennar barnahópi vel en ekki hinum hópnum tveimur sem segir okkur að það þurfi alltaf að athuga vel hvernig barnahópurinn er samsettur og vera tilbúin til að bæta og breyta eftir þörfum hvers hóps til þess að hægt sé að vinna vel með verkefnið. Í rannsókn Knudsen, Lindberg og Kampmann (2008) kemur fram að kennararnir nota Blæ bangsana mismikið. Sumir nota þá í öllum stundum meðan aðrir nota þá sjaldnar eða jafnvel aldrei. Í viðtölunum kemur fram að börnin nota litla Blæ bangsann sinn mismikið til huggunar eða ef annar þarf á huggun að halda. Í viðtölunum fannst kennurum best að vinna með spjöldin og bókina og flestir nota nuddið mjög mikið á meðan aðrir nota það lítið eða ekkert.

Kennararnir töluðu aðeins um að það væri nauðsynlegt að allir starfsmenn deildarinnar og skólans í heild ynnu með þetta verkefni til þess að það gengi upp svo hægt væri að grípa börnin í öllum aðstæðum, úti jafnt sem inni. Þær eru lykilpersónurnar á þessum deildum sem vinna með verkefnið og sjá um vináttustundirnar. Mér finnst það vera gríðarlega mikilvægt verkfæri sem kennari fær í hendurnar með þessu verkefni og það á að nota það eins vel og hægt er. Í rannsókn sem gerð var í Danmörku var þetta einnig tekið fram. Kennararnir sem fóru á námskeiðið til að læra að nota verkfærin eru lykilpersónur verkefnisins en allir voru sammála um að það ætti að vera fleiri en ein manneskja sem bæri ábyrgð á því (Knudsen, Kampmann og Lehrman, 2007). Þannig að það ættu alltaf að vera fleiri en ein manneskja á deild sem kann á þetta og getur notað með börnunum.

Börn eru ólík og læra á ólíkan hátt en niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að það fari eftir barnahópnum og samsetningu hans hvernig hægt er að vinna með vináttuverkefnið og hvernig börnin tileinka sér gildin. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er leikurinn meginnámsleið barna. Þar sem að börn læra í gegnum leikinn þá væri jafnvel gott að endurhugsa það að hafa Blæ einungis í boði í fyrir fram ákveðnum stundum. Þóra nefndi að börnin vildu frekar leika sér með Blæ en að nota hann sem hjálparbangsa og kannski myndi það henta sumum börnum betur að fá meira aðgengi að Blæ til þess að tengja betur við vináttuverkefnið. Þau myndu líklegast læra meira á því að geta notað hann í frjálsum leik sem myndi gefa kennurum færi á að kenna þeim gildin í gegnum leikinn. Ef Blæ væri aðgengilegri fyrir börnin hefðu þau fleiri tækifæri til þess að nota hann í leik og þannig

gætu börnin tileinkað sér gildin og yfirfært þau á raunverulegar aðstæður. Á þetta við um bæði barnamiðaðan leik og leik undir leiðsögn fullorðinna samkvæmt flokkun Wood (2014). Með barnamiðuðum leik er átt við að leikurinn sé frjáls og að börnin hafi áhrif á hvernig leikurinn fer fram. Ef börnin fá tækifæri til þess að leika sér í frjálsum leik með Blæ en jafnframt undir leiðsögn fullorðinna þá munu þau bæta við þekkingu sína varðandi vináttuverkefnið. Kennarinn gæti þá komið með fyrir fram ákveðnar hugmyndir um hvernig hægt væri að leika með Blæ, jafnvel verið með þeim í leik, til þess að kenna börnunum gildi Vináttuverkefnisins.

5.4. Samantekt

Hér að ofan eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og settar í fræðilegt samhengi. Þegar rannsóknin var unnin tók ég mið af styrkleikum barna þegar þegar valið var í viðtölin, börnunum var því ekki skipt handahófskennt vegna þess að þau tjá sig misjafnlega mikið. Börnin voru valin með það að leiðarljósi að hafa þau sem tjá sig minna saman og þau sem tjá sig mikið saman til þess að stuðla að því að allir fengju að komast að og segja sína skoðun. Börnunum var skipt í viðtalshópa með aðstoð kennara þeirra. Þeim var skipt eftir vináttu og hversu hlédræg þau væru, þau sem eru mjög feimin voru með besta vin sinn með sér þannig að þau væru öruggari með að tjá sig. Jóhanna Einarsdóttir (2007) segir að nauðsynlegt sé að taka mið af styrkleikum barna og hæfileikum.

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá fram hugmyndir barna um vináttuverkefnið og hvað mætti bæta og gera betur. Einnig að fá fram reynslu kennaranna af vináttuverkefninu. Viðhorf og hugmyndir barnanna um vináttuverkefnið styðja við fræðin um viðkomandi verkefni. Þau hafa margar áhugaverðar hugmyndir um gildin og um hvað verkefnið er. Í viðtölunum við börnin kom fram að þeim finnst verkefnið áhugavert og spennandi og þau eru alltaf tilbúin að taka þátt. Einnig voru dæmi þess að þau næðu að yfirfæra sína eigin reynslu og hugmyndir á raunverulegar aðstæður. Stundirnar gegnu yfirleitt vel fyrir sig en hafa þarf í huga hvernig barnahópurinn er settur saman. Sum börn þurfa meira krefjandi verkefni á meðan önnur þurfa að staldra lengur við á sama stað. Þá þarf einnig að taka tillit til þeirra barna sem vilja ekki taka þátt í nuddinu eða finnst snertingin óþægileg. Gott væri ef kennarar myndu grípa börnin í leik og samskiptum og kenna þeim gildin til þess að þau eigi auðveldara með að yfirfæra gildi vináttuverkefnis yfir á raunverulegar aðstæður með sínum eigin hugmyndum. Jafnframt væri gott að leyfa börnunum að taka litla Blæ með sér í leik í þeim tilgangi að kenna þeim gildin vegna þess að börn læra margt í gegnum leikinn. Í viðtölunum við kennarana kemur fram að þeim finnst vináttuverkefnið afar áhugavert og

gaman að vinna með það. Þeim finnst börnin vera áhugasöm og tilbúin að taka þátt í vináttustundum og ræða við kennarana um ákveðin málefni sem eru tekin fyrir hverju sinni. Með því að kenna börnum að tileinka sér gildi þessa verkefnis er verið að veita kennurum góð verkfæri til að koma í veg fyrir einelti. Mestu máli skiptir líka að það séu margir að vinna saman að ákveðnu markmiði. Til þess að hægt sé að draga úr einelti eða koma alveg í veg fyrir það þá verður að vinna markvisst að því að kenna börnunum þessi gildi og fá alla með sér í lið. Eins og kom fram í einu viðtalinu þá mætti verkefnið vera sýnilegra foreldrum og samstarfið á milli heimilis og leikskóla er mikilvægur hluti af því að markmið verkefnisins verði í raun virkt.

6 Lokaorð

Við gerð þessarar rannsóknar hef ég lært heilmargt um vináttuverkefnið sem kemur mér að góðum notum í framtíðinni. Ég hef sjálf unnið með efnið með yngri börnum og gott er að fá innsýn í hugarheim þeirra eldri. Það sem mér fannst skemmtilegast við vinnu þessarar rannsóknar var að taka viðtöl við börnin, þau virðast segja það sem þau hugsa og margt mjög skemmtilegt kom fram. Hvort sem það hefur verið uppspuni eða hvað veit ég ekki, en þau hafa ótrúlega mikið ímyndunarafli. Einnig var mjög gaman að fylgjast með í vináttustundunum vegna þess að ég hef alltaf verið með stundirnar sjálf. Þegar maður fær að vera fluga á vegg og fylgjast með þá sér maður hlutina öðruvísi. Þær síðtímahugmyndir sem hafa rutt sér til rúms hafa vakið áhuga minn á að hlusta á raddir barna og gera mér grein fyrir hve mikilvægt það er í raun. Með þessu verkefni fá börnin rödd sem gerir þeim kleift að tjá sínar skoðanir. Í þessari rannsókn var lögð áhersla á að börnin gætu komið sínum sjónarmiðum á framfæri og að þau myndu sjónarmið þeirra væru virt. Einnig er það til gagns fyrir kennarana að fá sjónarmið barnanna til þess að huga að því hvort verkefnið sé unnið á þann hátt að börnin læri sem mest á því.

Rannsóknin var gerð í einum leikskóla þar sem unnið hefur verið með vináttuverkefnið í nokkur ár og rætt var við 21 barn og 3 leikskólakennara. Rannsóknin er tiltölulega afmörkuð við einn leikskóla og þess vegna er ekki hægt að draga þá ályktun að hugmyndir barna um þátttöku sína eða hvaða hugmyndir þau hafa um gildi verkefnisins séu eins í öðrum skólum. Eins er með hugmyndir kennaranna á verkefninu. Þrátt fyrir þessa annmarka er rannsóknin fróðleg og gefur að mínu mati góða innsýn í það hvaða hugmyndir börnin hafa um verkefnið og hvernig unnið er með það. Reynsla kennaranna kemur skýrt fram og þeir tala um að vináttuverkefnið sé skemmtilegt og áhugavert. Börnin eru flest á sama máli, þau eru alltaf jafn spennit og kennarinn að fara í vináttustund. Einnig er hægt að læra af rannsókninni og nýta þann lærdóm til þess að þróa vináttuverkefnið enn frekar. Það er hægt að finna fleiri leiðir til að börn geti tileinkað sér þessi mikilvægu gildi verkefnisins og nýtt þau sem mest í leik og starfi á hvaða vettvangi sem er.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um vináttuverkefnið og er þessi rannsókn sú eina sem hefur verið gerð með börnum. Það hefur vonandi þá merkingu að hægt sé að nýta hana til frekari úrvinnslu eða rannsókna. Þá væri einnig æskilegt ef kennarar sæju mikilvægi vináttuverkefnisins og nýttu sér það betur í vinnu með börnum. Að koma í veg fyrir einelti er mjög mikilvægt og það væri áhugavert að sjá alla sem vinna með leikskólabörnum temja sér að vinna eftir þessari hugmyndafræði. Þessi rannsókn sýnir hugmyndir barna og reynslu kennara um vináttuverkefnið á einum leikskóla en áhugavert væri að skoða fleiri leikskóla út

frá sama viðfangsefni til að athuga hvort samræmi væri í niðurstöðum. Margt gæti komið í ljós með fleiri rannsóknum sem hægt væri að nýta enn betur í starfi með börnum.

Heimildaskrá

Aarhus universitet. (e.d.). EXbus – exploring bullying in schools. Sótt af:

<http://exbus.dk/inenglish/>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75-98). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Barnaheill. (e.d. a). Vináttu. Sótt af: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>

Barnaheill. (e.d. b). Um vináttu. Sótt af: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta/um-vinattu>

Barnaheill. (e.d. c). Um einelti. Sótt af: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta/um-einelti>

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative research in psychology*, 3(2), 77-101. Sótt af:

https://search.proquest.com/docview/223135521?rfr_id=info%3Axri%2Fsid%3Aprimo

Broström, S. (2012). Children's participation in research. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 257-269. Sótt af:

<http://web.a.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=1&sid=fea9c9cd-dfaa-45f0-8aa3-f02d6fef09b7%40sessionmgr4007>

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (1999). Constructing Early Childhood. What do we think it is? Dalberg, G. Moss, P. Pence, A. (ritstjórar), *Beyond Quality in Early Childhood Education and Care* (bls. 43 – 61). London: Falmer Press.

Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna: börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 33-46). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Einarsdóttir, J. (2007). Research with children: Methodological and ethical challenges. *European Early Childhood Education Research Journal*, 15(2), 197-211.
- Folque, M. A. (2010). Interviewing young children. Í G. MacNaughton, S. A. Rolfe og I. Siraj-Blatchford (ritstjórar), *Doing early childhood research. International perspectives on theory and practice* (bls. 239-260). McGraw-Hill: Open University Press.
- Fraser, S., Flewitt, R. og Hammersley, M. (2014). What is research with children and young people? Í Clark, A., Flewitt, R., Hammersley, M. og Robb, M. (ritstjórar). *Understanding research with children and young people*. London: Sage.
- Free of bullying. (e.d. a). About free of bullying. Sótt af:
www.freeofbullying.com/article/about-free-bullying/content/buddy-bear
- Free of bullying. (e.d. b). Definition of bullying. Sótt af:
<http://www.freeofbullying.com/article/bullying-wiki/content/definition-of-bullying>
- Free of bullying. (e.d. d). Partners. Sótt af:
<http://www.freeofbullying.com/article/about-freebullying/content/partners>
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. London: Sage.
- Hedegaard, M. og Fleer, M. (2008). *Studying children. A cultural-historical approach*. McGraw-Hill: Open University Press.
- Helgeland, A. og Lund, I. (2017). Children's voices on bullying in kindergarten. *Early Childhood Education Journal*, 45, 133-141. doi: 10.1007/s10643-016-0784-z
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknnum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13-28). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Knudsen, R. K., Kampmann, J. og Lehrman, K. (2007). *The „free from bullying“ project. The first report from the follow-up research project about the Save the Children Denmark „Free from bullying“ project*. Sótt af:
www.freeofbullying.com/sites/default/files/1st%2Breport%2B%281%29.pdf

- Knudsen, R. K., Lindberg, S. og Kampmann, J. (2008). *2nd report: Experiences of pedagogical and organisational implementation of the project „Free from bullying“*.
Sótt af:
www.freeofbullying.com/sites/default/files/2nd%2Breport%20Free%20of%20Bullying.pdf
- Koshy, V. (2009). *Action research for improving practice. A practical guide*. London: Sage.
- Lansdown, G. (2005). *Can you hear me? The right of young children to participate in decisions affecting them*. Sótt af: <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED522740.pdf>
- Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir. (2015). *Free of bullying. Findings from the first pilot survey*. Sótt af:
https://www.barnaheill.is/static/files/Vinatta/free-if-bullying-1-pilot-survey_endanleg.pdf
- Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir. (2016). *Free of bullying. Findings from the third pilot survey*. Sótt af:
<https://www.barnaheill.is/static/files/Vinatta/free-of-bullying-skyrsla-3-lr-keh.pdf>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. London: Sage.
- Löfdahl, A. og Hägglund, S. (2006). „Power and Participation: Social Representations among Children in pre-School.” *Social Psychology of Education* 9: 179–194. doi:10.1007/s11218-006-0002-8.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Rambøll. (2017). *Summary of „free of bullying and children's socio-emotional skills“*. Sótt af:
http://www.freeofbullying.com/sites/default/files/Summary%20FoB%20and%20children%27s%20socio-emotional%20skills_Nov17_DOWNLOAD_0.pdf
- Ólafsdóttir, S. M., Danby, S., Einarsdóttir, J. og Theobald, M. (2017). „You need to own cats to be a part of the play“: Icelandic preschool Children challenge adult initiated rules in play. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(6), 824-837. doi:10.1080/1350293X.2017.1380880

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989). Sótt af:

<https://barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>

Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar). *Leikum, lærum, lifum. Námsgvið leikskóla og grunnþættir menntunar*. Reykjavík: RannUng Háskólaútgáfan.

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“ Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf

Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir og Kristín E. Harðardóttir. (2015). *Free of bullying. Findings from the second pilot survey*. Sótt af: <https://www.barnaheill.is/static/files/Vinatta/free-if-bullying-skyrsla-2-.pdf>

Stanton-Chapman, T.L. (2015). Promoting positive peer interactions in the preschool classroom: The role and the responsibility of the teacher in supporting children's sociodramatic play. *Early childhood Education Journal*, (43), 99-107. doi: 10.1007/s10643-014-0635-8

Suri, H. (2011). Purposeful sampling in qualitative research synthesis. *Qualitative research journal*, 11(2), 63-75. Sótt af: <https://search.proquest.com/docview/920894910/fulltextPDF/9DB1631142AF4B4CPQ/1?accountid=135943>

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Wood, E. (2014). The play-pedagogy interface in contemporary debates. Í Brooker, L., Blaise, M. og Edwards, S. (ritstjórar), *The SAGE handbook of play and learning in early childhood* (bls. 20-31). Thousand oaks, CA: Sage publications.

Viðauki A: Varðar: Leyfi til rannsóknar á viðhorfi barna til Vináttuverkefnis Barnaheilla

Kæru foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum Himnakoti.

Ég undirrituð, Elsa Margrét Árnadóttir meistaranemi við menntavísindasvið Háskóla Íslands hef áhuga á að skoða hvaða sjónarmið leikskólabörnin hafa til Vináttuverkefnis Barnaheilla og hvað þeim finnst þau vera að læra á verkefninu. Meistaraverkefni mitt fjallar um vináttuverkefnið, hvaða verkfæri það hefur upp á að bjóða og rannsóknir sem því tengjast, einnig hvað kemur fram í aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðið með þessari rannsókn er að fá fram sýn barnanna á þátttöku sína í vináttuverkefninu, hvernig þeim finnst það vera að virka, hvað þeim finnst skemmtilegast og leiðinlegast við verkefnið og hvað þau telja sig læra af því. Þátttaka barnanna í vináttuverkefninu er mikilvæg þegar unnið er með efnið sem fylgir, og þeirra sjónarmið á þessu verkefni á að koma fram vegna þess að það er mikilvægt að þau geti sagt sína skoðun, hvað þau eru að læra af verkefninu og hvernig þeim finnst það ganga. Tilgangur verkefnisins er að vinna með þær upplýsingar sem koma frá börnunum til þess að kennarinn geti þá bætt og lagað ef eitthvað gengur ekki nógu vel.

Fram kemur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins að börn eiga að vera virkir þátttakendur í eigin samfélagi og það á að líta á þau sem hæfileikaríka einstaklinga sem eiga rétt á þátttöku í því samfélagi. Í Aðalnámsskrá leikskóla kemur fram að allir skólar eigi að kenna börnum um lýðræði og eru gildismat, viðhorf og siðferði mjög ríkir þættir í lýðræðismenntun, kennarar þurfa að bera virðingu fyrir heilbrigði barna og mannréttindum þeirra.

Öflun gagna

Ég mun afla gagna með athugunum og viðtölum við börnin, einnig skrifa ég í rannsóknardagbók það sem fram kemur og hvernig rannsókninni miðar áfram. Viðtölin verða tekin upp á hljóðupptöku til frekari úrvinnslu en verður síðan eytt að lokinni rannsókn.

Trúnaður /persónuvernd

Gætt verður fyllsta trúnaðar og verða dulnefni notuð við úrvinnslu og birtingu gagna. Nafn þitt og nafn barns mun aðeins koma fram á þessu blaði. Einnig hefur barnið rétt á að hætta þátttöku hvenær sem er án þess að gefa skýringu á því.

Ef þörf er á frekari útskýringum er velkomið að hafa samband við mig á netfangið: ema7@hi.is eða í síma 789 6989.



Virðingarfyllst,

Elsa Margrét Árnadóttir

Samþykkiseyðublað vegna rannsóknar um viðhorf barna gagnvart Vináttuverkefni Barnaheilla.

Nafn

_____ kt. _____,

sem fer með forsjá barnsins

nafn _____ kt. _____,

Til að uppfylla skyldu lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þarf rannsakandi að afla samþykkis foreldra áður en tekin eru viðtöl við börnin og teknar hljóðupptökur.

Viðauki Á: Spurningar fyrir viðtöl

Spurningar fyrir börn

Hvað eruð þið að gera í vináttustundum ?

Hvað finnst ykkur skemmtilegast við vináttuverkefnið ?

Hvað finnst ykkur leiðinlegast ?

Getið þið sagt mér hvað umburðarlyndi er ?

En getið þið sagt mér hvað virðing er ?

En umhyggja ?

Hvað er hugrekki ?

Hvað gerir Blær ?

Hvað gerið þið með ykkar litla bangsa ?

Vitið þið hvað einelti er ?

Hvað er að vera góður vinur ?

Spurningar fyrir kennara

Hvernig finnst þér ganga að vinna með efniviðinn?

Hvað er auðveldast að vinna með ?

En erfiðast ?

Er eitthvað sem þér finnst að ætti að breyta eða laga í sambandi við efnið ?

Hvað finnst þér virka best fyrir barnahópinn ?

Af hverju ?

Finnst þér verkefnið virka ?

Eru börnin að sýna meiri umhyggju, tillitssemi, virðingu og hugrekki ?

Sækja þau í Blæ bangsana ?

Til hvers þá ?

Er eitthvað sem þú vilt taka fram í sambandi við vináttuverkefnið ?